



Laugalækjarskóli – heildarmat á skólastarfi

Ágúst 2012
Skóla og frístundasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Una B. Bjarnadóttir

Valgerður E. Þorvaldsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	4
Skólastarf	7
Námsárangur	7
Stjórnun	8
Skipulag skóladags	9
Samstarf við grenndarsamfélagið	9
Stefna og starfsáætlun	10
Nemendur og líðan	11
Stjórn nemendafélags	13
Reglur og agi	14
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	15
Verklag	18
Fjölbreyttar leiðir í námi	18
Kennsluhættir	18
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna	21
Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir.....	21
Upplýsingaver	22
Tungumálaver.....	23
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla	25
Skólaþróun og mat	28
Virk upplýsingamiðlun.....	29
Skólanámskrá og námsáætlanir	29
Heimasíða.....	30
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	30
Mannauður	32
Starfsánægja og líðan á vinnustað	32
Samstarf.....	33
Aðbúnaður	33
Símenntun og starfsþróun.....	34
Viðhorf starfsmanna til stjórnunar	34
Fjármál	36
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun.....	36
Fjárhagsleg staða skólans	36
Greining.....	37
Samantekt ábendinga.....	37
Heimildir	43
Fylgiskjöl.....	43

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Laugalækjarskóla sem fram fór í apríl 2012. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs. Laugalækjarskóli var einn af sex skólum þar sem skóla- og frístundasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2011-2012. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: ***Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Laugalækjarskóla er Björn M. Björgvinsson og aðstoðarskólastjóri er Jón Páll Haraldsson. Í Laugalækjarskóla voru 286 nemendur í 7.-10. bekk skólaárið 2011-2012. Um 96% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu hafa sótt skóla í Laugalækjarskóla. Flestir koma nemendur úr Laugarnesskólanum.

Í skólanum starfa 38 starfsmenn skólaárið 2011-2012 í 35,9 stöðugildum, þar af kennarar í 21,8 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 7,9 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins hærra en í borginni í heild að meðaltali (6,5)¹. Ef aðeins er miðað við kennara í Laugalækjarskóla eru um 13,2 nemandi á hvert stöðugildi sem er hærra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísi að meðaltali (9,1)².

Laugalækjarskóli tók til starfa haustið 1960 í fyrri áfanga nýbyggingar og síðari áfangi var tekinn í notkun árið 1965. Árið 1969 var skólinn gerður að gagnfræðaskóla og barnadeildir fluttar í Laugarnesskóla. Á áttunda áratugnum voru einnig reknar framhaldsdeildir við skólann og útskrifaðir stúdentar 1979. Nýbygging var tekin í notkun við skólann árið 2005 og tengir hún saman eldri skólahúsin tvö (Einsetning grunnskóla Reykjavíkur 2002, Heimasíða, saga skólans).

Flestir hafa nemendur verið um 884 árið 1966 og fæstir 150 árið 2000, en sl. þrjú ár hefur nemendafjöldi verið 260-280 nemendur.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

¹ Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011 (tafla 77).

²² Sama (tafla 80).

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalahlds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólalahld í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 32 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2012.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|-------------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til Skóla- og frístundaráðs | í lok annar |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla

- Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir síðustu heila önn
 - Sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun
 - Heimasíðu skólans
 - Stundaskrár bekkja/árganga 2011-2012 (eins og þær eru afhentar nemendum)
 - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
 - Kennsluáætlanir 2011-2012 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
 - Símenntunaráætlun skólans
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Þeir fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til sviðsstjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Skýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

Skólastarf

Námsárangur

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Samræmd könnunarpróf – framfarastuðull³

Meðaltalsárangur nemenda í Laugalækjarskóla á samræmdum könnunarprófum árið 2011 í 7. bekk er á við meðaltal borgarinnar í íslensku en aðeins undir meðaltali í stærðfræði.

Undanfarin ár hefur meðaltal í íslensku oftast verið mjög nálægt meðaltali Reykjavíkur en meðaltal í stærðfræði hefur verið heldur lægra, sum ár töluvert lægra. Í 10. bekk er meðaltalsárangur mjög góður og töluvert yfir meðaltali borgarinnar í íslensku og oftast einnig í stærðfræði.

Í 10. bekk sýnir framfarastuðull miklar framfarir í báðum greinum fyrir árið 2011. Sé litið lengra aftur hefur framfarastuðull verið í góðu meðallagi og oft sýnt töluverðar framfarir nemenda (Skýrsla um samræmd könnunarpróf. 2011 og 2010).

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
7. bekkur							
Íslenska	31,6	29,7	30,8	31,7	31,9	31,9	30,6
Reykjavík	31,2	30,6	30,5	30,4	31,3	30,8	30,8
Stærðfræði	28,3	26	31,7	30,1	28,8	27,7	29,4
Reykjavík	31,1	30,5	30,6	30,8	31,0	30,4	30,9
10. bekkur							
Íslenska	36,3	32,3	34,1	35,7	35,1	35,9	34,3
Framfarastuðull íslenska		1,04	1,04	1,07	1,09	1,04	1,09
Reykjavík	31,8	30,4	30,7	31,3	31,0	30,6	30,8
Stærðfræði	34,3	30,8	32,9	33,7	29,8	33,4	34,2
Framfarastuðull stærðfræði		1,02	1,01	1,05	1,07	1,05	1,09
Reykjavík	31,3	30,3	30,6	31,4	30,9	30,9	30,9

Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í Laugalækjarskóla á samræmdum könnunarprófum í 10. bekk haustið 2011 er töluvert yfir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.
- Meðaltalsárangur er við meðaltal borgarinnar í 7. bekk árið 2011 og er meðaltal í stærðfræði heldur lægra en í Reykjavík sé litið til tímabilsins 2005-2010.
- Í 10. bekk sýnir framfarastuðull árið 2011 miklar framfarir og undanfarin ár hefur framfarastuðull verið hár fyrir nemendur skólans.

Árangur í Pisa 2009

PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. Í PISA 2009 var lögð áhersla á mælingu á lesskilningi nemenda, en einnig var hluti prófsins endurtekning á mælingum í stærðfræði og náttúrufræði (upplýsingar fengnar af heimasíðu Námsmatsstofnunar www.namsmat.is).

³ Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

Skoðuð hefur verið staða grunnskóla í Reykjavík út frá árangri í PISA 2009. Laugalækjarskóli var rétt ofan meðaltals í lesskilningi og stærðfræði en í meðaltali skóla í náttúrufræði. Staða miðað við aðra reykvískra skóla í lesskilningi og læsi á stærðfræði var betri 2009 en í PISA 2006 en lítill munur var á röðun skólans í læsi á náttúrufræði. Þátttaka nemenda í rannsókninni var góð, 86% af 15 ára nemendum skólans tóku þátt.

Ábendingar

- Laugalækjarskóli var í miðju reykvískra skóla þegar árangri í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði í Pisa 2009 var raðað. Þátttaka nemenda í rannsókninni var 86%.

Stjórnun

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri leggja báðir áherslu á líðan og velferð nemenda jafnframt því sem áhersla er lögð á nám og árangur þeirra. Skólastjóri nefnir einnig að ánægja starfsmanna sé mikilvæg „um leið og maður gerir kröfur til kennara að þeir beri mikla og góða ábyrgð á því starfi sem þeir eru ráðnir til“.

Skipurit skólans er í vinnslu að sögn stjórnenda. Starfslýsingar stjórnenda og starfsmanna liggja ekki fyrir við matið.

Skólastjóri sér um fjármál, starfsmannahald og samskipti út á við en aðstoðarskólastjóri hefur leitt þróunarstarf innan skólans, séð um sjálfsmat og umbótaáætlanir, þar leggur hann áherslu á dreifstjórnun og að virkja leiðtoga innan kennarahópsins. Þeir hafa með sér nokkra verkaskiptingu þó hún sé ekki skráð nákvæmlega. Báðir leggja áherslu á að geta gengið í öll mál sem upp koma þegar annar er ekki viðlátinn, þetta er „tveggja manna verkstjórn“, að sögn skólastjóra. Þeir hafa ekki með sér formlega fundi en mikið óformlegt samstarf.

Skólaþróunarráð (áður kennararáð) er stjórnendum til ráðgjafar um áherslur, hugmyndir og „að horfa fram á veginn“. Stjórnendur hitta ráðið nokkrum sinnum yfir skólaárið, í ráðinu sitja einn kennari af hvoru stigi og einn list- og verkgreinakennari.

Tveir deildarstjórar eru í upplýsingaveri og deildarstjóri í tungumálaveri og stýra þeir starfsemi sem heyrir undir þau svið. Deildarstjórar funda reglulega með skólastjórnendum.

Stjórnendur eru í daglegum samskiptum við umsjónarmann fasteigna og við yfirmann mötuneytis.

Reglulegir stigsfundir eru með kennurum í 7. og 8. bekk annars vegar og 9. og 10. bekk hins vegar, eða þeim sem kenna í sama húsi. Námsráðgjafi, sérkennarar og list- og verkgreinakennarar sem tengjast hvoru stigi um sig sitja einnig þessa fundi. Fundargerðir eru ritaðar og sendar skólastjórnendum og þannig fara upplýsingar á milli. Aðra hverja viku funda síðan saman þeir sem kenna sömu faggreinar.

Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2012 töldu 89% foreldra skólanum vera vel stjórnað. Þessi niðurstaða er yfir meðaltali grunnskóla í borginni og svipað hlutfall og í síðustu könnun í skólanum 2010. Ánægja með stjórnun skólans hefur aukist mikið á undanförunum árum en nefna má að 77% foreldra voru ánægðir með stjórnunina árið 2006.

Starfsmenn í rýnihópum eru jákvæðir gagnvart stjórnendum, og telja sig fá hvatningu og hrós frá þeim, þó það mætti vera meira. Vel er tekið í hugmyndir að mati rýnihópa og stjórnendur eru fljótir að bregðast við ef eitthvað kemur upp á.

Nemendur í rýnihópum segjast þekkja stjórnendur, þeir eru sýnilegir „í matsal og á göngum“. Þau sjá aðstoðarskólastjórann meira, hann „er alltaf á flakki“

Skipulag skóladags

Skoðaðar voru stundatöflur bekkja. Skóladagurinn er skipulagður þannig að kennt er ýmist í 80 mínútna lotum hver grein eða 40 mínútna tímum. Skóladagur nemenda hefst með kennslu kl. 8:10 og lýkur kl. 13:05 hjá 9. og 10. bekk á bekkjartöflu þeirra eru sýndir 27 tímar, en alls eru nemendur 29 tíma í kjarna (íþróttir eru ekki sýndar á bekkjartöflum), þar við bætast 8 tímar í valgreinum sem að mestu virðast raðast eftir hádegi. Hjá nemendum í 7.-8. bekk eru dagar mislangir en lýkur kl. 14:25. Á bekkjartöflum eru skráðir 24-26 tímar, þar til viðbótar koma list- og verkgreinatímar, íþróttir og sund, auk þess geta nemendur valið eina valgrein fyrir og eftir áramót í 2 stundir.

Frímínútur eru í 20 mínútur milli 2. og 3. stundar og 30 mínútur í matarhlé.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Gott samstarf er við Laugarnesskóla en þaðan koma flestir nemendur Laugalækjarskóla. Skólarnir hafa unnið sameiginlega að verkefninu: *Að byggja brú* milli Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla þannig að kennarar hafa hist til að skoða m.a. íslenskukennslu, lestur og lesskilning.

Stjórnendur Laugalækjarskóla heimsækja elstu nemendur Laugarnesskóla til að kynna skólann og nemendur 6. bekkjar koma í eina heimsókn í Laugalækjarskóla. Bekkirnir halda sér fyrsta árið í Laugalæk en eftir það er raðað upp á nýtt saman í bekk.

Nemendur Laugalækjarskóla taka þátt í flestum þeim viðburðum sem sameiginlegir eru í grunnskólum Reykjavíkur. Þar má nefna: spurningakeppni grunnskólanna, stóru upplestrarkeppnina, skákmót, Skrekk, knattspyrnukeppni, Skólahreysti o.fl.

Ábendingar

- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri leggja báðir áherslu á líðan og velferð nemenda jafnframt því sem áhersla er lögð á nám og árangur þeirra.
- Skipurit skólans er í vinnslu að sögn stjórnenda. Starfslýsingar stjórnenda og starfsmanna liggja ekki fyrir við matið.
- Tveir deildarstjórar eru í upplýsingaveri og deildarstjóri í tungumálaveri og stýra þeir starfsemi sem heyrir undir þau svið.
- Skólaþróunarráð (áður kennararáð) er stjórnendum til ráðgjafar um áherslur, hugmyndir og „að horfa fram á veginn“.
- Reglulegir stigsfundir eru með kennurum í 7. og 8. bekk annars vegar og 9. og 10. bekk hins vegar. Aðra hverja viku funda síðan saman þeir sem kenna sömu faggreinar.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2012 töldu 89% foreldra skólanum vera vel stjórnað og hefur hlutfallið aukist töluvert frá 2006. Niðurstaðan 2012 er yfir meðaltali í borginni.
- Starfsmenn í rýnihópum eru jákvæðir gagnvart stjórnendum, og telja sig fá hvatningu og hrós frá þeim, þó það mætti vera meira.

- Nemendur í rýnihópum segjast þekkja stjórnendur, þeir eru sýnilegir „í matsal og á göngum“. Þau sjá aðstoðarskólastjórann meira, hann „er alltaf á flakki“
- Skóladagurinn er skipulagður þannig að kennt er ýmist í 80 mínútna lotum hver grein eða 40 mínútna tímum.
- Gott samstarf er við Laugarnesskóla en þaðan koma flestir nemendur Laugalækjarskóla. Skólarnir hafa unnið sameiginlega að verkefninu: *Að byggja brú milli Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla*
- Nemendur Laugalækjarskóla taka þátt í viðburðum, s.s. spurningakeppni grunnskólanna, stóru upplestrarkeppninni, skákmótum, Skrekk, knattspyrnukeppni og Skólahreysti.

Stefna og starfsáætlun

Gildi sem skólinn leggur áherslu á eru: Virðing – Eldmóður – Gleði. Á heimasíðu segir um stefnu skólans: Nám er kjarni skólastarfs og er gott námsgengi því eitt af okkar forgangsmálum. Vilji er til þess hjá starfsfólki Laugalækjarskóla að vera í fremstu röð hvað varðar nám og kennslu og kapp lagt á að allt starf endurspegli þann metnað. Snar þáttur í því er að efla metnað með nemendum og hvetja þá til að setja sér markmið til skemmri og lengri tíma. Þróun starfshátta er órjúfanlegur hluti af starfi skólans. Vinnulag er sífellt til ígrundunar, fagleg forysta kennara er í lykilhlutverki og samráð og samstarf eru lykilþættir í starfinu (Heimasíða. Stefna skólans).

Unnið hefur verið að stefnumótunarvinnu innan skólans sl. 3 skólaár þar sem markmið eru sett fram í anda stefnumiðaðs árangursmats (Balanced Scorecard). Þar birtist stefna skólans í áherslupáttum í stefnukorti undir fjórum víddum sem eru: Skólasamfélagið, nám, innri ferli, mannauður og fjármál. Í framtíðarsýn kemur fram að; Laugalækjarskóli vill vera í fararbroddi hvað varðar metnað í námi, kennslu og öllu starfi. Við viljum útskrifa ábyrga og sjálfstæða nemendur, tilbúna til að takast á við frekari áskoranir. Lögð er áhersla á jákvæðni, samstarf og uppbyggileg samskipti milli allra í skólasamfélaginu. Jafnræði og mannréttindi eru forgangsverkefni. Umhyggja og vellíðan eru samstarfsverkefni allra í skólasamfélaginu. Sterk sjálfsmynd nemenda er kappsmál og lykill í forvarnastarfi. Við hvetjum nemendur til sjálfstæðrar og gagnrýnnar hugsunar (Stefnumiðað árangursmat; glærुकynning frá skólanum). Þessi stefna hefur þó ekki verið gefin út þegar matið fer fram.

Einnig hafa verið skilgreindir mælikvarðar og lýsingar fyrir hvert markmið stefnukortsins. Verkefni/aðgerðir sem styðja mælikvarða og markmið hafa verið sett fram í sumum þáttum en ekki verður þó séð að gerð hafi verið heildstæð aðgerðaáætlun.

Starfsáætlun Laugalækjarskóla fyrir skólaárið 2012-2013 er á heimasíðu skólans. Þegar starfsáætlun var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs vorið 2012 taldist hún að nær öllu leyti í samræmi við kröfur Menntasviðs um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur. Skólanámskrá er ekki gefin út sem heildstætt plagg, en upplýsingar um flest það sem þar á að birtast skv. aðalnámskrá grunnskóla er að finna á heimasíðu (sjá meðfylgjandi: Gátlista um starfsáætlun og gátlista um skólanámskrá).

Skólastjóri telur að verið sé að vinna mjög eftir þeirri stefnu sem mörkuð er á skóla- og frístundasviði borgarinnar.

Ábendingar

- Gildi sem skólinn leggur áherslu á eru: Virðing – Eldmóður – Gleði.

- Unnið hefur verið að stefnumótunarvinnu innan skólans sl. 3 skólaár þar sem markmið eru sett fram í anda stefnumiðaðs árangursmats (Balanced Scorecard). Stefnan hefur ekki verið gefin út.
- Í nýrri stefnumótun birtast í áhersluþættir í stefnukorti undir fjórum víddum sem eru: Skólasamfélagið, nám, innri ferli, mannauður og fjármál.
- Í framtíðarsýn kemur fram að; Laugalækjarskóli vill vera í fararbroddi hvað varðar metnað í námi, kennslu og öllu starfi.
- Báðir stjórnendur leggja áherslu á líðan og velferð nemenda jafnframt því sem áhersla er lögð á nám og árangur.
- Starfsáætlun Laugalækjarskóla fyrir skólaárið 2011-2012 er á heimasíðu skólans. Þegar hún var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs vorið 2012 taldist hún að nær öllu leyti í samræmi við kröfur um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.
- Skólanámskrá er ekki gefin út sem heildstætt plagg, en upplýsingar um flest það sem þar á að birtast skv. aðalnámskrá grunnskóla er að finna á heimasíðu.

Nemendur og líðan

Í foreldrakönnun árið 2012 mátu foreldrar í Laugalækjarskóla líðan barna sinna í skólanum almennt góða en um 92-94% foreldra töldu barninu alltaf eða oftast líða vel þar. Hlutfallið var hæst hvað varðar líðan í skólanum almennt, en 94% foreldra töldu barninu oftast líða vel þar. Um 92% töldu barninu oftast líða vel í frímínútum sem er eitt hæsta hlutfall skóla í borginni þar sem meðaltalið er 85%. Þess ber að geta að foreldrar barna á unglingastigi meta líðan í frímínútum yfirleitt betri en á yngri stigum.

Skólinn er þátttakandi í Skólapúlslinum, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.⁴

Í könnun Skólapúlslins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 7.-10. bekk Laugalækjarskóla í maí 2011 er ánægja af lestri marktækt hærri en landsmeðaltal og ofarlega í samanburði sambærilegra skóla. Töluverður kynjamunur mældist í lestraránægju í skólanum eins og í flestum öðrum grunnskólum þar sem ánægja stelpna er meiri. Áhugi á stærðfræði hefur minnkað frá mælingum við upphaf skólaársins og er nær jafn meðaltali landsins. Í samanburði sambærilegra skóla er skólinn í meðallagi. Sérstaklega er áhugi á stærðfræði mikill í 10. bekk en nær enginn munur eftir kynjum. Trú á persónulegt gildi náttúruvísinda var sérstaklega mikil hjá nemendum í mælingum í mars og maí og er skólinn ofarlega í samanburði sambærilegra skóla.

Trú á eigin vinnubrögð í námi er nokkuð stöðugur mælikvarði hjá nemendum skólans, meðaltal mælinga skólaársins 2011-2012 er rétt yfir landsmeðaltali og landsmeðaltali sambærilegra skóla. Kynjamunur er lítill og minni en að meðaltali í öðrum skólum. Hið sama er að segja um trú á eigin námsgetu. Nemendur skólans stunda íþróttir í heldur minna mæli en nemendur í öðrum skólum, sérstaklega á það við um nemendur í 7. bekk og 10. bekk.

⁴ Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, www.skolapulsinn.is 29. maí 2012.

Spurningar er varða líðan nemenda (s.s. sjálfsálit, vanlíðan, kvíði) eru oftast mjög áþekkar landsmeðaltali og meðaltali sambærilegra skóla. Kynjamunur er oftast minni en landsmeðaltal kynjanna. Töluverðan mun má sjá eftir árgöngum í sumum mælikvörðum en þannig er 8. bekkurinn oft lægri, t.d. hvað snertir sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og kvíða. Almennt kemur 10. bekkur vel út. Einelti mælist sama og í öðrum skólum í heild en rétt undir meðaltali sambærilegra skóla. Þar er einnig nokkur munur eftir árgöngum, er 4,2 í þeim bekk sem það er lægst en 5,1 þar sem það er hæst.

Spurningar í Skólapúlsinum sem varða skóla- og bekkjaranda koma yfirleitt vel út og oftast í og við landsmeðaltal og meðaltal sambærilegra skóla. Samsömun við nemendahópinn er að jafnaði góð en sveiflaðist nokkuð á skólaárinu. Samband nemenda við kennara er áberandi best í 10. bekk en munur á honum og 8. bekk nálgast það að vera töluverður. Agi í tímum er aðeins undir landsmeðaltali og er skólinn næst lægstur í meðaltali sambærilegra skóla auk þess sem miklar sveiflur eru í mælingum milli árganga skólans. Munur á 7. bekk og 10. bekk er nær tveimur heilum stigum þar sem agi er minni að mati nemenda 7. bekkja. Upplifun nemenda af stuðningi kennara við sig var best í nóvember en minnst í mars þó meðaltal skólaársins sé sambærilegt og í öðrum skólum. Virk þátttaka nemenda í tímum tók kipp í mælingu marsmánaðar en annars er ársmeðaltal jafnt landsmeðaltali. Lítil munur er milli árganga í þessari mælingu. Nemendur skólans eru heldur hlynntari heimanámi en í öðrum skólum og er það jafnt yfir alla árganga.

Mjög fáir foreldrar töldu barn sitt hafa orðið fyrir einelti í skólanum á síðustu 12 mánuðum í foreldrakönnuninni 2012 eða 9%. Meðaltalið fyrir alla skóla var 11%. Þegar spurt var um einelti sem hefði átt sér stað fyrir meira en 12 mánuðum var niðurstaðan 14% samanlagt. Allir þessir voru spurðir um hvernig skólinn hefði tekið á málinu. Tæpur helmingur sagði skólann hafa brugðist fljótt og vel við eineltinu, um 27% töldu skólann hafa tekið vel á því en ekki nógu fljótt og sama hlutfall taldi skólann ekki hafa tekið á málinu. Niðurstaðan í skólanum varðandi viðbrögðin var svipuð og niðurstaðan í borginni allri.

Þegar rætt var um samskipti og hegðun í rýnihópi nemenda í 7. og 8. bekk töldu þau sig þekkja skólareglur þó þær væru ekki áberandi t.d. á veggjum skólans, reglurnar væru sanngjarnar en misjafnt væri eftir kennurum og dagsformi kennara hvort farið væri eftir sumum þeirra. Þau þekktu leiðir til að tiÁnlkynna um einelti, töldu það ekki vera algengt í skólanum en sögðu að einelti væri stundum falið og erfitt að vita um það. Nemendur sögðu að þeim liði almennt vel og það væri góður andi í skólanum.

Nemendur í 9. og 10. bekk sögðu einnig að skólareglur væru ekki áberandi og lítið farið yfir þær en reglurnar væru einfaldar og sanngjarnar. Nemendur báru sjálfir ábyrgð á sinni hegðun, s.s. að mæta á réttum tíma og ef þau væru að nota símann í tíma væru ekki allir kennarar að skipta sér af því, slíkt væri bara tjón nemandans að missa af kennslu. Líðan nemenda væri almennt góð í skólanum og þau töldu einelti stoppað strax. Bekkirir væru yfirleitt samheldnir en þó væru hópar innan þeirra sem héldu meira saman.

Ábendingar

- Ánægja nemenda af lestri er marktækt yfir landsmeðaltali og trú á gildi náttúruvísinda hefur frá upphafi mælinga Skólapúlsins verið yfir landsmeðaltali.
- Skoða þarf vel niðurstöður Skólapúlsins þar sem mikill munur getur verið á mikilvægum mælikvörðum eftir árgöngum, s.s. um líðan nemenda og aga.

- Foreldrar barna í Laugalækjarskóla mátu líðan barna sinna í skólanum almennt mjög góða. Um 9% sögðu barn sitt hafa lent í einelti á skólaárinu 2011-2012 sem er svipað og annars staðar í skólum borgarinnar.
- Báðir nemendahópar töldu skólareglur sanngjarnar og nokkuð skýrar en misjafnt væri eftir kennurum hvort brot á þeim hefði afleiðingar. Eldri nemendur voru meðvitaðir um eigin ábyrgð á hegðun.
- Nemendur töldu líðan nemendahópsins góða og lítið um einelti.

Stjórn nemendafélags

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 10. grein um nemendafélög:

„Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.“

Félagsmiðstöðin Laugó er staðsett í húsnaði skólans og er hún hjartað í félagslífinu. Samstarf er gott um félagsstarf nemenda og starfrækt eru tvö nemendaráð, eitt fyrir 8.-10. bekk og eitt fyrir 7. bekk. Nemendaráðin hafa mikið að segja um félagsstarfið. Reynt er að byggja mikið á hugmyndum nemenda og þess gætt að sem flestir fái hlutverk við alla framkvæmd starfsins. Fjölmargar nefndir og ráð starfa árlega á vegum nemendaráðs 8.-10. bekkjar og sér ráðið um að manna þær nefndir og halda þeim gangandi. Ennfremur er lögð áhersla á að varðveita þekkingu í nemendahópnum þannig að þeir yngri læri af þeim eldri. Þegar tekið er þátt í stærri verkefnum eins og Skrekk, spurningakeppnum og ræðukeppnum fá nemendur hlutverk við að stjórna og þjálfa eftir því sem kostur er, þó ávallt sé leiðsögn hinna fullorðnu skammt undan (Heimasíða, félagsstarf). Félagslíf er gott, segir í rýnihópi nemenda, mikil samvinna er milli skóla og félagsmiðstöðvarinnar og félagsmiðstöðin mjög góð, góð dagskrá að þeirra mati.

Starfsmenn heildarmats áttu rýnifund með nemendaráði 8.-10. bekkja. Fulltrúarnir gáfu upplýsingar um skipulag á starfi ráðsins og nemendafélagið. Ekki er gerð dagskrá er fyrir fundina en starfsmaður stýrir fundunum og hann eða ritari skrifar fundargerðir. Hlutverk stjórnarinnar er aðallega að skipuleggja félagslíf nemenda á miðstigi og unglingastigi og ákveða viðburði. Aðstoðarskólastjóri og starfsmaður frístundastarfs hafa umsjón með starfi stjórnarinnar. Fundir eru vikulega að jafnaði og fundargerðir eru ritaðar.

Fulltrúar í nemendaráði eru kosnir af nemendum, tveir úr hverjum árgangi og tveir til vara. Valið er í embætti formanns og varaformanns, gjaldkera og ritara innan ráðsins. Reynt er að virkja fleiri en ráðsmenn í félagsstarfinu og „hengt upp á vegg hvaða nefndarstörf eru í gangi“. Ráðsmenn telja að nemendur almennt hafi vitneskju um hvað nemendaráðið er að gera og hugmyndir sem berast eru teknar upp í ráðinu.

Þátttakan í félagslífinu er ágæt að mati nemendanna, 8.bekkur mætir vel, en „það fer eftir því hvað er í gangi hvort það er mikið mætt á böll og uppákomur eða ekki“. Þáttaka 7. bekkinga í félagslífinu er minni og sjaldnar opið fyrir þau í félagsmiðstöðinni, þeim er „haldið svolítið út úr og er ekki með í öllu“, segir í rýnihópi.

Spurt var um val í skólaráðið og svöruðu nemendur því til að nemendaráðið tilnefni nemendur í skólaráðið Fulltrúar nemenda sitja alla fundi ráðsins og koma með „eithvað sem er að gerast

í árgöngunum“. Þau sitja líka fundi þar sem farið er yfir fjármál og finnst það „fullorðinslegt“. Ekki er rætt í nemendaráði um mál sem eru á dagskrá skólaráðs.

Krökkunum finnst þau hafa lært mikið af því að vera í nemendaráði og má þar nefna að vinna saman í hóp, taka ákvarðanir, skipuleggja og setja sér markmið. Það eru kostir við það að vera í nemendaráði, segja þau.

Ábendingar

- Félagsmiðstöðin Laugó er staðsett í húsnaði skólans og er hún hjartað í félagslífinu. Samstarf er gott um félagsstarf nemenda og starfrækt eru tvö nemendaráð, eitt fyrir 8.-10. bekk og eitt fyrir 7. bekk.
- Félagslíf er gott, segir í rýnihópi nemenda, mikil samvinna er milli skóla og félagsmiðstöðvarinnar og félagsmiðstöðin mjög góð, góð dagskrá.
- Þátttakan í félagslífinu er ágæt að mati nemendanna, 8. bekkur mætir vel, en „það fer eftir því hvað er í gangi hvort það er mikið mætt á böll og uppákomur eða ekki“.
- Athygli er vakin á því að samkvæmt 10. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 skal nemendafélagið setja sér reglur um kjör fulltrúa nemenda í skólaráð.

Reglur og agi

Á heimasíðu Laugalækjarskóla eru birtar almennar skólareglur og í Handbók skólans er að finna upplýsingar um skólasóknareinkunn og birtist hún á vitnisburði nemenda. Óstundvísi og óheimilar fjarvistir lækka einkunnina en einu sinni á önn geta nemendur gert samning við umsjónarkennara um að hækka einkunnina með óaðfinnanlegri mætingu. (Heimasíða, Handbók). Gerður hefur verið sóknarkvarði fyrir almenna ástundun náms þar sem metnir eru þættirnir: vinnusemi/virkni, vinnubrögð, heimanám, frumkvæði sjálfstæði metnaður, framkoma og virðing, skipulag og gögn.

Skólareglur uppfylla að mestu leyti þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og reglugerð um skólareglur (nr. 1040/2011), sjá meðfylgjandi gátlista um skólareglur. Viðbrögð við agabrotum liggja ekki fyrir þegar matið fer fram. Fyrir liggur að aðlagða skólareglur að þeim kröfum sem koma fram í nýrri reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum (Rg. nr.1040/2011).

Skólareglur eru „fáar og góðar“ að mati rýnihópa en mættu vera sýnilegri. Í rýnihópum kemur fram að reglurnar eru í endurskoðun og verið er að vinna viðurlög við agabrotum sem hefur vantað að þeirra mati. Í rýnihópi kennara kemur fram að drög að reglum hafa verið unnin af nokkrum kennurum, síðan eiga nemendur eftir að koma að vinnunni og loks verða reglurnar lagðar fyrir skólaráð.

Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur einnig fram að meðal nemenda ríki „jákvætt andrúmsloft“, þeir telja viðhorf til nemenda jákvætt og sýna mikla umhyggju, „reynt að styðja við nemendur“. Góður vinnufriður er almennt í kennslu en þó misjafn eftir „nemendum, bekkjarstærð og tíma dags“. Talað er um mikla breytingu á nemendum frá 7. og upp í 10. bekk og að nemendur mættu sýna meiri virðingu með því að vera kurteisari og umgengni í matsal mætti vera betri.

Eins og fram hefur komið telja nemendur sig þekkja skólareglur þó þær séu ekki áberandi en misræmi sé eftir kennurum og aðstæðum hvort brot á þeim hafi afleiðingar. Þau telja

reglurnar sanngjarnar. Í rýnihópi eldri nemenda kom fram að vinnufriður væri mjög mismunandi góður eftir bekkjum.

Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Í foreldrakönnun 2012 kom fram að um 87% svarenda í Laugalækjarskóla fannst aginn hæfilegur sem er yfir meðaltali í borginni allri (80%). Foreldrar í rýnihópi sögðu góðan anda ríkja í skólanum en skólar almennt stæðu þó frammi fyrir ákveðnu úrræðaleysi hvað snertir agamál og hegðunarvandamál nemenda. Vinna mætti skipulegar með félagsþroska nemenda, samvinnu og hópastarf.

Ábendingar

- Á heimasíðu Laugalækjarskóla eru birtar almennar skólareglur og í Handbók skólans er að finna upplýsingar um skólasóknareinkunn og birtist hún á vitnisburði nemenda.
- Skólareglur uppfylla að mestu leyti þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum. Viðbrögð við agabrotum liggja ekki fyrir þegar matið fer fram.
- Fyrir liggur að aðlaga skólareglur að þeim kröfum sem koma fram í nýrri reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum og útbúa viðurlög við brotum á þeim og er sú vinna í gangi.
- Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur einnig fram að meðal nemenda ríki „jákvætt andrúmsloft“ og viðhorf til nemenda jákvætt og sýnir mikla umhyggju, „reynt að styðja við nemendur“.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).
- Í foreldrakönnun 2012 kom fram að um 87% svarenda í Laugalækjarskóla fannst aginn hæfilegur sem er yfir meðaltali í borginni.
- Foreldrar í rýnihópi segja góðan anda ríkja í skólanum en eins og í fleiri skólum bæri á úrræðaleysi gagnvart hegðunarvandamálum. Vinna mætti skipulegar með félagsþroska nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Í Laugalækjarskóla er lögð áhersla á að uppbyggilegt samstarf ríki milli allra aðila um skólastarfið í heild og samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu (Heimasíða, stefna skólans). Ekki liggur fyrir sérstök stefna eða áætlun um foreldrasamstarf.

Í foreldrakönnuninni veturinn 2012 svöruðu 86% foreldra í Laugalækjarskóla könnuninni af 97 í úrtaki.

Helstu niðurstöður voru þær að 92% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann almennt og hefur hlutfallið hækkað jafnt og þétt frá árinu 2006 þegar 81% voru ánægð með skólann. Ánægja foreldra í öðrum grunnskólum í Reykjavík var að meðaltali 84% árið 2012.

Í heildina voru niðurstöður skólans góðar í foreldrakönnuninni fyrir skólaárið 2011-2012. Ánægja með umsjónarkennara var mikil eins og víðar í borginni en þó má benda á að ánægja með hvernig umsjónarkennari fylgist með frammistöðu barns í námi og upplýsingastreymi um líðan og félagsanda í bekk dalaði nokkuð frá könnuninni 2010. Spurningar um líðan barnanna í skólanum komu vel út eins og áður hefur komið fram.

Langflestum fannst námslegar kröfur skólans, agi og magn heimavinnu hæfilegt, en um 77% svarenda fannst skólinn gera hæfilegar námslegar kröfur til barnsins síns, 73% fannst heimavinna barnsins hæfileg og 87% fannst aginn hæfilegur. Á þessum mælikvörðum var skólinn yfirleitt í kringum meðaltal borgarinnar. Um 20% foreldra töldu heimavinnu vera of mikla. Þá jókst ánægja lítilla meðal foreldra með ýmsa aðstöðu, s.s. skólalóð, mataraðstöðu og almennt ástand húsnæðis. Meiri óánægja var meðal foreldra með máltíðir í mötuneyti skólans, verð á máltíðum og aðgang að tölvum. Þetta var einnig niðurstaða í flestum öðrum grunnskólum í Reykjavík árið 2012. Ánægja með aðstöðu á skólalóð minnkaði ásamt ánægju með aðstöðu til íþróttaiðkunar og er sú síðarnefnda komin töluvert langt undir meðaltal borgarinnar. Ánægja með almennt ástand húsnæðis fór úr 91% árið 2010 í 74% nú. Meðaltal borgarinnar er 68%.

Eins og áður hefur komið fram töldu 89% foreldra skólanum vera vel stjórnað og hefur þetta hlutfall hækkað um 12 prósentustig frá árinu 2006. Þessi niðurstaða er yfir meðaltali í borginni sem var 75% árið 2012.

Foreldrar í rýnihópi töldu samskipti við kennara ganga hratt og vel fyrir sig og samskipti væru almennt góð við skólann. Nokkur umræða skapaðist um úrræðaleysi skóla almennt gagnvart hegðunarvanda nemenda og þannig voru nefnd dæmi þar sem langan tíma hafi tekið að leysa mál sem fengu þó oftast farsælan endi. Foreldrar ræddu nokkuð mikið um foreldrasamstarf og að þar mætti skólinn taka meiri ábyrgð. Samskipti nemenda væru almennt góð en nokkuð skorti á skipulega vinnu með nemendum til að efla félagsþroska þeirra – ef árgangur eða bekkur næði illa saman þá hefðu kennarar þær upplýsingar og yfirsýn og gætu best náð árangri til að bæta þar úr, auðvitað gætu foreldrar komið þar að máli en þeir hefðu ekki sömu yfirsýn. Mögulega mætti bæta upplýsingagjöf til foreldra um líðan og bekkjaranda en foreldrar fundu mun á þessu miðað við yngri stig grunnskólans. Hvað námið snerti töldu foreldrar í rýnihópi að skólinn undirbyggi nemendur vel fyrir frekara nám og það væri einn af styrkleikum skólans en skoða mætti betur aðlögun skólans eftir að samræmd próf að vori lögðust af, skólastarf að loknum samræmdum prófum að hausti væri að sumu leyti ekki nógu markvisst. Kennarar skólans væru góðir og hefðu margir langa starfsreynslu við skólann.

Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda. Samkvæmt áætlun á skólaráðið að funda mánaðarlega og stenst það nokkurn veginn samkvæmt rýnihópi foreldra. Unnið er eftir útsendri dagskrá auk þess sem rætt er um önnur mál sem fulltrúar leggja fram á fundunum. Fundargerðir eru sagðar settar á heimasíðu skólans, en fundust ekki við matið. Nefnd voru dæmi um mál sem farið var yfir í skólaráði s.s. skóladagatal, fjárhagsáætlun og öryggi nemenda. Rýnihópur foreldra taldi að foreldrar almennt þekktu ekki hverjir væru fulltrúar þeirra í skólaráði, ekki væri kosið í ráðið af foreldrum heldur væru þeir valdir af stjórnendum skólans. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra var skólaráð 2011-2012 þannig skipað að annar fulltrúinn gaf kost á sér á aðalfundi foreldrafélagsins og hinn var fenginn til starfa eftir að leitað hafði verið til nokkurra aðila. Ákvörðun um hvaða aðili grenndarsamfélagsins fær að tilnefna til skólaráðs er tekin af fulltrúum skólaráðsins, undanfarin ár hefur það verið foreldrafélagið. Í foreldrakönnun skólans 2012 reyndust 16% svarenda þekkja fulltrúa foreldra í skólaráði.

Foreldrafélag er starfandi við skólann. Mæting á fundi félagsins er oftast dræm eins og gerist og gengur í öðrum skólum að mati foreldra í rýnihópi, jafnvel þó verið sé að ræða málefni sem brenna á foreldrum s.s. einelti. Foreldrafélagið styður við bekkjarfulltrúa sem eru

starfandi í öllum bekkjum en mætti þó gera meira af því. Einnig töldu foreldrar í rýnihópi að skólinn, bæði stjórnendur og kennarar gætu stutt meira við foreldrasamstarfið.

Foreldrasamstarf væri mikilvægt fyrir skólastarfið og því þyrftu skólarnir að taka forystu og hjálpa til fyrst um sinn en draga sig svo út þegar starfið kæmist á flug. Eðlilega væri þátttaka foreldra í skólastarfinu nokkuð minni en hjá yngri nemendum en foreldrar tækju t.d. þátt í starfskynningum með því að koma og kynna nám sitt og störf. Skoða þyrfti samstarf foreldra og skóla hvað snertir ferðalög nemenda, fjármögnun þeirra og gæslu.

Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um bekkjarfulltrúa hvers bekkjar, fræðslusíða um einelti og krækjur í ýmsar síður með upplýsingum fyrir foreldra.

Ábendingar

- Í Laugalækjarskóla er lögð áhersla á að uppbyggilegt samstarf ríki milli allra aðila um skólastarfið í heild og samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu.
- Í heildina kom skólinn vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2012. Ánægja með skólann hélt áfram að aukast og ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil.
- Skoða þarf upplýsingastreymi til foreldra um líðan og félagsanda í bekk.
- Ánægja foreldra með ýmsa þætti í aðbúnaði og aðstöðu hefur minnkað töluvert sl. ár.
- Meirihluta foreldra fannst skólinn gera hæfilegar námslegar kröfur til barnsins síns, 73% fannst heimavinna barnsins hæfileg en um 20% töldu hana of mikla.
- Foreldrar í rýnihópi töldu samskipti við kennara ganga hratt og vel fyrir sig og samskipti væru almennt góð við skólann. Samskipti nemenda væru almennt góð en nokkuð skorti á skipulega vinnu með nemendum til að efla félagsþroska þeirra.
- Það var mat foreldra í rýnihópi að skólinn undirbyggji nemendur vel fyrir frekara nám.
- Foreldrar í rýnihópi ræddu um að skólinn, bæði stjórnendur og kennarar gætu stutt meira við foreldrasamstarfið.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Gildi sem skólinn leggur áherslu á eru: Virðing – Eldmóður - Gleði. Í stefnu skólans kemur fram að vilji er til þess hjá starfsfólki skólans að vera í fremstu röð hvað varðar nám og kennslu. Snar þáttur í því er að efla metnað með nemendum og hvetja þá til að setja sér markmið til skemmri og lengri tíma, segir í stefnunni (Heimasíða, stefna skólans).

Kennslustofur fyrir 7. og 8. bekk eru í vesturhluta skólabyggingarinnar og fyrir 9. og 10. bekk í austurhluta. Almennar kennslustofur eru innréttaðar á hefðbundinn hátt, gengið er inn í þær frá miðrými, ekki er innangengt á milli stofa. Miðrými virðist ekki notað til kennslu en sumir nemendur nota það til að vinna heimaverkefni sín og kennarar nýta það fyrir hópavinnu nemenda.

Svonefndar námsmöppur voru innleiddar í skólanum fyrir nokkrum árum, námsmöppur skiptast í leiðarbók, safnmöppur og sýnismöppur. Nemandinn á eina leiðarbók í hverju fagi. Hún getur verið vettvangur til skráningar á sameiginlegum og einstaklingsbundnum markmiðum, vettvangur nemandans til að ígrunda framvindu námsins og eigið framlag og einnig staður fyrir glósur, reglur og ýmis skilaboð. Leiðarbókin virðist mörgum akkeri í náminu og almenn notkun hennar í 9. og 10. bekk í þeim kennslustundum sem heimsóttar voru í heildarmatinu. Í safnmöppu safnar nemandinn öllum verkefnum yfir veturinn og flokkar þau eftir fögum. Í lok hverrar annar velur nemandinn sín bestu verkefni í hverju fagi setur í svonefnda sýnismöppu. Í foreldraviðtölum sýnir nemandinn foreldrum sínum möppuna og er hún einn umræðugrundvöllur viðtalsins (Heimasíða, námsmöppur).

Nemendur í rýnihópi ræddu markmiðssetningu en svo virtist sem sumir hefðu ekki aðgang að markmiðum sem þeir settu sér að hausti en það væri nauðsynlegt til að vinna að þeim. Nefnt var að markmiðssetning væri mest fyrir foreldra til að sjá í viðtölum. Bestu kennararnir væru þeir sem héldu uppi sanngjörnum aga og reyndu ekki að vera of fyndnir – sérstaklega ekki á kostnað annarra. Gæta þyrfti að því að koma til nemenda með aðstoð í réttri röð en ekki bara sinna þeim óþolinmóðu fyrst.

Skiptar skoðanir voru á leiðarbók og markmiðssetningu meðal nemenda, sumir sögðust gera markmið en ekki fylgja þeim og þessi aðferð hjálpi ekki öllum. Þeim finnst vanta fjölbreytni í námið. Nemendur tala vel um kennara sína og þeir kunni oftast góð skil á sinni kennslugrein, en einnig nefnd dæmi um kennslu sem er óskipulögð, s.s. tímaskortur við verkefnavinnu, skortur á upplýsingum um heimavinnu og ekki sé farið yfir verkefni til að sjá hvað væri rangt eða rétt. Kennarar hrósa nemendum fyrir það sem vel er gert, reyna alltaf að aðstoða og nemendur telja sig líka fá ábendingar og uppbyggjandi gagnrýni frá þeim. Nemendur nefna að þeir telji sig fá góðan undirbúning fyrir framhaldsnám í skólanum, þeir læri sjálfstæði í námi og ábyrgð.

Kennsluhættir


Fjölbreyttir kennsluhættir eru viðhafðir að mati kennara í rýnihópum og þeir nefna sem dæmi samþættingu á verkefnum, mikið af þemaverkefnum og gott samband við upplýsingaver, annars „er þetta frekar frjálst með kennsluhættina“, segir í rýnihópi, kennarar vinna sjálfstætt og þeim er treyst. Mikil samvinna er innan hverrar námsgreinar þvert á árganga og mikil samvinna við upplýsingaverið.

Nemendur í rýnihópi yngri nemenda segjast oftast vera að vinna í bókum eða verið sé að kenna frá töflu en nefna þó hópavinnu og vildu gjarnan hafa fleiri vettvangsferðir. Þau upplifðu hópaskiptingu stundum ósanngjarna og það þyrfti að vanda samsetningu námshópa. Oftast væri farið yfir heimanám í tímum og það væri gott en stundum kæmu próf ekki yfirfarin til baka og það fannst þeim óþægilegt, að vita ekki hvað var rangt. Mismunandi var yfir hópinn og eftir námsgreinum hvort nemendur væru allir á sama stað í námsefninu.

Nemendur í rýnihópi eldri nemenda nefna dæmi úr kennslunni í sinni umræðu, s.s. hópavinnu, kynningar, stuttmyndagerð. Þeir nefndu bæði frjálst og kennarastýrt val í hóp og sögðu að námsmatið væri einstaklingsmiðað þó unnið væri í hópni nemenda. Námsfnið væri að ýmsu leyti ósveigjanlegt, gamlar bækur og torskildar.


Í stofum eru möppur sem merktar eru nemendum. Í þeim eru verkefni nemenda einkum kannanir og próf í ýmsum námsgreinum. Þar má sjá að kennarar hafa farið yfir, talið villur og skrifað einkunnir í tölustöfum. Í mörgum kennslustundum mátti sjá notkun upplýsingatækni í kennslunni í einhverri mynd og 1-2 nemendur með fartölvu. Góður andi var í bekkjarhópunum þar sem ríkti yfirleitt vinnusemi og rólegheit. Það vakti athygli að uppbygging kennslustunda var langoftast markviss og nýting á tíma nemenda góð.

Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um 38% þeirra stunda sem heimsóttar voru, bein kennsla/innlögn/umræður voru í um 21% stunda, verklegt og sköpun og tjáningu var merkt við í list- og verkgreinum fyrst og fremst eða alls 15% stunda og sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í 15% tilvika sem er heldur herra hlutfall en að meðaltali í þeim skólum sem borið er saman við.⁵



Til samanburðar er mynd sem sýnir hvernig kennsluhættir skiptast að meðaltali í skólum þar sem þeir hafa verið markvisst metnir undanfarið rúm ár.

⁵ Í hverri stund getur verið merkt við öll vinnubrögð sem fyrir koma. Fjöldi merkinga er því meiri en fjöldi stunda sem fylgst var með.



Meðaltal skóla 1

Sérstaða skólans

Í rýnihópum kennara eru námsmöppur og leiðarbækur nefnd sem höfuðeinkenni skólans og svo lokaverkefnið í 10. bekk, en þá vinna nemendur heildstæð verkefni og kynna þau síðan. Upplýsingaverið er einnig nefnt sem styrkur skólans og þáttur í móta sérstöðu.

List- og verkgreinar

List- og verkgreinakennsla er á töflu nemenda í 7. og 8. bekk 4 tíma á viku og er kennt í lotum yfir veturinn, annars vegar myndmennt, hönnun/smíði og textílmennt og tölvur og heimilisfræði hins vegar. Í 9. og 10. bekk eru list- og verkgreinar hluti af frjálssu vali nemenda.

Valgreinar

Í 9. og 10. bekk var boðið upp á val um 18 valgreinar skólaárið 2011-2012, þar af tæpur helmingur í list- og verkgreinum. Í 9. og 10. bekk er frjálst val 8 stundir og eru sumar valgreinar kenndar í blönduðum hópi 9. -10. bekkja. Í 7. og 8. bekk er boðið upp á fjórar valgreinar á hvorri önn og velur nemandi eina þeirra í tvær stundir á viku.

Námsmat

Námsárið í Laugalækjarskóla skiptist í þrjár jafnlangar og jafngildar annir. Námsmat fer bæði fram á meðan á hverri önn stendur og við lok hennar. Ekki er þó um eiginlega prófadaga að ræða heldur fer matið fram í kennslustundum. Vitnisburður er afhentur við lok hverrar annar og honum fylgt eftir með viðtölum. Vitnisburðarblað við vetrarlök sýnir jafngildar einkunnir þriggja anna í hverju fagi. Við útskrift úr 10. bekk er þó gefin ein lokaeinkunn í hverju fagi, auk einkunnar úr samræmdum lokaprófum

Einkunnir eru gefnar á kvarðanum 1-10, í heilum og hálfum tölum og flokkast sem hér segir: *Staða í námi* er mat á stöðu/getu nemandans í viðkomandi námsgrein gagnvart þeim þekkingarmarkmiðum sem lögð hafa verið til grundvallar á önninni. *Staða í námi* getur verið fundin á fjölbreyttan hátt yfir alla önnina t.d. með stærri og smærri verkefnum, könnunum og hefðbundnum prófum. *Vinnueinkunn* er mat kennara á vinnuframlagi nemandans í greininni, óháð getu. Í kennsluáætlunum er jafnan tilgreint hvernig hún er fundin út. Í *umsögn* er síðan fjallað sérstaklega um frumkvæði, hegðun, heimanám, verkefnaskil og samvinnu ef þurfa þykir. Rík áhersla er síðan lögð á að fá nemandann til að *meta eigin frammistöðu*. Það mat er að mestu að finna í leiðarbókum (Heimasíða, námsmat).

Unnið hefur verið að því á yfirstandandi skólaári að auðga og bæta námsmat undir yfirskriftinni: lengi getur gott batnað. Hver kennari og hver faggrein ákveður framfaraskref í

námsmati, s.s. að vinna markmiðalista (rubrics) fyrir sjálfsmat nemenda og prófa nýjar matsaðferðir sem eflt gætu nám. Kennarar eru einnig hvattir til að rýna í próf síðustu missera, leita leiða til að gera þau markvissari og fjölbreyttari og leita leiða til að meta dýpri skilning og beitingu þekkingar.


Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni og nemendastoðinni (sjá fylgiskjal: Matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Hjá stjórnendum og kennurum kemur fram áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og að nemendur fái kennslu við hæfi. Reynt er að hafa námið einstaklingsmiðað „eins og hægt er“, segir í rýnihópi kennara, kennari reynir að aðlagja námið að nemendum eftir því hvernig þeir eru staddir.

Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir

Alls var farið í heimsókn í 27 kennslustundir í 7.-10. bekk og þar af 26 metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).



Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 16% stunda frábærar, 65% góðar og 19% viðunandi. Engin kennslustund var óviðunandi. Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Til samanburðar eru gæði kennslustunda að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009 (rauðar súlur).

Ábendingar

- Gildi sem skólinn leggur áherslu á eru: Virðing – Eldmóður - Gleði. Í stefnu skólans kemur fram að vilji er til þess hjá starfsfólki skólans að vera í fremstu röð hvað varðar nám og kennslu.
- Svonefndar námsmöppur voru innleiddar í skólanum fyrir nokkrum árum, námsmöppur skiptast í leiðarbók, safnmöppur og sýnismöppur. Nemandinn á eina leiðarbók í hverju fagi. Hún getur verið vettvangur til skráningar á sameiginlegum og einstaklingsbundnum markmiðum.
- Skiptar skoðanir voru á leiðarbók og markmiðssetningu meðal nemenda, sumir sögðust gera markmið en ekki fylgja þeim og þessi aðferð hjálpi ekki öllum. Þeim finnst vanta fjölbreytni í námið.
- Fjölbreyttir kennsluhættir eru viðhafðir að mati kennara í rýnihópum og þeir nefna sem dæmi samþættingu á verkefnum, mikið af þemaverkefnum og gott samband við upplýsingaver, annars „er þetta frekar frjálst með kennsluhættina“.
- Nemendur í rýnihópi yngri nemenda segjast oftast vera að vinna í bókum eða verið sé að kenna frá töflu en nefna þó hópavinnu og vildu gjarnan hafa fleiri vettvangsferðir. Nemendur í rýnihópi eldri nemenda nefna dæmi úr kennslunni í sinni umræðu, s.s. hópavinnu, kynningar, stuttmyndagerð. Í mörgum kennslustundum mátti sjá notkun upplýsingatækni í kennslunni í einhverri mynd og 1-2 nemendur með fartölvu.
- Að mati nemenda þarf að skoða markmiðssetningu og hvernig hún getur gagnast nemendum sem best. Óskir um að fara sem allra mest yfir heimavinnu og próf komu einnig fram í umræðum nemenda.
- Nemendur telja skólann búa sig vel undir frekara nám og að þeir fá bæði hrós og gagnrýni á verkefni sín.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara eða í um 38% þeirra stunda sem heimsóttar voru, bein kennsla/innlögn/ umræður voru í um 21% stunda, verklegt og sköpun og tjáningu var merkt við í list- og verkgreinum fyrst og fremst eða alls 15% stunda og sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í 15% tilvika sem er heldur hærri hlutfall en að meðaltali í þeim skólum sem borið er saman við
- Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 16% stunda frábærar, 65% góðar og 19% viðunandi. Engin kennslustund var óviðunandi. Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni og nemendastoðinni.

Upplýsingaver

Upplýsingaverið sameinar skólasafn og tölvuver. Upplýsingaverið er vel búið gögnum og opið nemendum allan skóladaginn til verkefnavinnu. Þar læra nemendur að afla upplýsinga úr margskonar miðlum, vinna skipulega úr þeim og skila niðurstöðum með notkun mismunandi forrita. Nemendur geta líka komið og kíkt í bók eða tímarit í hléum. Í skólanum er lögð mikil áhersla á færni nemenda í lestri og lesskilningi og kapp lagt á að nemendur lesi sem allra mest. Upplýsingaver Laugalækjarskóla er opið á skólatíma. Reynt er að hafa opið í hléum og þá geta nemendur komið og lesið blöð og bækur (Heimasíða, upplýsingaver).

Upplýsingaverið er miðsvæðis á jarðhæð skólans. Í miðrými þess eru bókaskápar en til hliðar stór vinnuborð fyrir nemendur og kennaraborð, þar eru nokkrar tölvur. Einnig eru borð þar sem bókum hefur verið stillt upp og tveir hægindastólar þar sem nemendur geta komið sér fyrir með bækur. Fyrir innan bókaskápana eru tölvur í röð meðfram veggnum og þar inn af vinnurými þar sem eru u.þ.b. 16 tölvur.

Í hverjum árgangi eru unnin verkefni sem eru samþætt við upplýsingamennt. Unnir hafa verið verkefnaferlar fyrir alla árganga sem umlykja markmið, vinnuferli, kynningu á upplýsingaveitum og forritum, heimildalista, stundafjölda og matsramma. Á vorin eru skipulagsfundir með kennurum þar sem teknar eru ákvarðanir um verkefni og tímasetningar næsta skólaárs. 4-5 verkefni eru tekin í hverjum árgangi og dreifast á skólaárið, sem dæmi heimildaritgerð í Íslandssögu í 7. bekk, Kjalnesingasaga, stuttmynd í 8. bekk, íslenska – bókmenntir í 9. bekk og enska-amerísk saga í 10. bekk. Lokaverkefni í 10. bekk vorið 2012 var: *Tímamót í sögu mannkyns* og undir því 6 verkefni til að velja um.

Í rýnihópum kennara kemur fram að samstarf við upplýsingaverið sé styrkur í starfinu og það sé „hjarta skólans“. Lokaverkefnum eða rannsóknarverkefnum nemenda er stýrt frá upplýsingaverinu, þá er hefðbundin kennsla leyst upp og nemendur vinna heildstæð verkefni og skila af sér með kynningu.

Ábendingar

- Upplýsingaverið sameinar skólasafn og tölvuver. Í hverjum árgangi eru unnin verkefni sem eru samþætt við upplýsingamennt.
- Í rýnihópum kennara kemur fram að samstarf við upplýsingaverið sé styrkur í starfinu og það sé „hjarta skólans“. Lokaverkefnum eða rannsóknarverkefnum nemenda er stýrt frá upplýsingaverinu

Tungumálaver

Við Laugalækjarskóla er starfrækt Tungumálaver sem er þjónustustofnun þar sem veitt er ráðgjöf í norsku og sænsku til skóla og sveitarfélaga um allt land. Þar fer fram staðbundin kennsla í norsku, pólsku og sænsku fyrir nemendur í Reykjavík. Boðið er upp á netnám í norsku, pólsku og sænsku fyrir nemendur innan bæjar og utan.

Markmið Tungumálavers er þrjúþætt:

- Að veita kennurum og skólum ráðgjöf og fræðslu um kennsluhætti er stuðla að einstaklingsmiðuðu námi og nemendasjálfstæði í tungumálum með aðstoð tæknimiðla.
- Að búa nemendum námsaðstæður einstaklingsmiðaðs náms með upplýsingatækni.
- Að efla sjálfstæði nemenda með því að leggja áherslu á markmiðsbundna kennsluhætti og mat með námsmöppum.

Starfsmenn – hlutverk

Í Tungumálaveri starfa deildarstjóri, kennsluráðgjafar í norsku og sænsku, kennarar í norsku og sænsku, kennari í pólsku og yfir 30 sveitarfélög eru samstarfsaðilar um rekstur þess. Tungumálaver er virkur aðili að Tungumálatorgi og leggur því til efni og upplýsingar um kennslu- og matshætti í tungumálum (Heimasíða. Tungumálaver). Tungumálaverið þjónustar nú um 250 nemendur í þessum sveitarfélögum

Reykjavíkurborg hefur séð um að veita þjónustu hvað varðar kennslu í norsku og sænsku fyrir nemendur grunnskólans á öllu landinu sem velja þessi tungumál í stað dönsku. Borgin

tók yfir þessa þjónustu um leið og ábyrgð á grunnskólum var flutt frá ríki til sveitarfélaga og selur þá þjónustu til annarra sveitarfélaga sem sækja um og skrá nemendur.

Deildarstjóri heldur utan um starfsemi deildarinnar, styður við kennara og er andlit Tungumálaversins út á við. Hún heldur utan um allar skráningar og sendir til innheimtu hjá Reykjavíkurborg. Rafrænt innritunarkerfi er að mótask og sveitarfélögin sjá sjálf um skráningu. Hún sér um mánaðarlegt fréttabréf til allra skóla og kennara til þess að þeir viti af tilvist versins og þeirri þjónustu sem þar býðst. Sveitarfélögum sem nýta sér þjónustuna er að fjölga og pólskan er nýjasta þjónustan sem boðið er upp á, „alltaf einhverjir vaxtarbroddar“, segir deildarstjóri í viðtali.

Kennarar í verinu segja í rýnihópi að þær hafi ekki allar sama hlutverk. Tvær þeirra eru kennsluráðgjafar auk þess að vera kennarar í sænsku og norsku í 50% starfi. Pólskukennari í Tungumálaveri sér um kennslu í pólsku yfir netið fyrir nemendur í 9-10 bekk í Reykjavík og út um allt land, en engin þörf er fyrir kennsluráðgjöf í pólsku að hennar sögn. Hver kennari er með tvo hópa í Reykjavík, en flestir eru nemendur Tungumálaversins utan Reykjavíkur og í netnámi. Námið er ekki bundið við bekk, heldur stig og allir nemendur fara í gegnum þrjú stig í samræmi við Evrópsku tungumálamöppuna.

Kennsluráðgjafar í norsku og sænsku í Tungumálaveri hafa samband við þann sem sér um kennsluna á hverjum stað eða skólana beint og bjóða fram; efni, kennsluáætlanir, próf, fara jafnvel yfir verkefni og sjá um námsmat, „fer dálítið mikið eftir því hver er kennari á hverjum stað“, segir í rýnihópi. Tungumálaverið býður einnig upp á vinnustofur, námskeið og eru með vefsvæði fyrir þá sem kenna norsku /sænsku þar sem þeir geta átt samskipti. Á þennan hátt stýra þær að miklu leyti þessari kennslu á landinu. Boðið upp á fjarkennslu fyrir nemendur í 9. og 10. bekk í gegnum netið og þá kenna þær sjálfar. Að þeirra mati er þetta frábært tækifæri fyrir nemendur til að halda áfram námi sínu í norsku og sænsku en nánast öll hafa þau búið erlendis og hafa undirstöðuþekkingu í tungumálinu.

Samstarf

Samstarf innan deildarinnar er að mati rýnihóps mjög náið, þær læra hver af annarri, nýir kennarar læra af þeim sem meiri reynslu hafa og þær deila námsefni og aðferðum. Þær eru síðan í miklu samstarfi við skóla út um allt land og hafa tengilið á hverjum stað sem þær geta leitað eftir upplýsingum hjá.

Samstarf er gott við stjórnendur og þeir eru jákvæðir og hjálpsamir, segir í rýnihópi. Deildarstjóri versins er tengiliður við stjórnendur Laugalækjarskóla og samstarf þeirra er gott. Kennarar tungumálaversins gætu þó nýst meira innan skólans að þeirra mati, t.d. með valhópum fyrir nemendur.

Staða deildarinnar og framtíðarsýn

Styrkleiki deildarinnar er að mati kennara persónuleg þjónusta fyrir nemendur, þeir geta haft samband hvenær sem er eða komið og nemendur geta fengið áhugavert námsefni og bækur. Tækifæri felast líka í því að draga fram starf tungumálakennara ekki bara þeirra sem starfa í verinu heldur fleiri og gera það sýnilegt á tungumálatorgi.

Það sem betur mætti fara að þeirra mati er að það þyrfti að vera greitt fyrir alla nemendur miðlægt þannig að jafnræði milli nemenda. Skráningarferlið þungt og ekki eins milli skóla svo stundum er upphafið ekki nægilega gott fyrir nemendur sem eru að byrja.

Einnig þarf að vera skýrt hver greiðir fyrir námsgögn, bækur hafa að einhverju leyti verið keyptar fyrir styrki frá viðkomandi landi þar sem annað fjármagn er ekki fyrir hendi.

Annað vandamál er að í sumum tilvikum komast nemendur ekki í tölvur í skólunum til að sinna fjarnámi sínu og stundum er erfitt að finna aðila innan skólans sem er ábyrgur fyrir nemendunum. Þær vildu líka geta notað skype eða eitthvað slíkt forrit fyrir nemendur en hafa ekki aðgang að því.

Til framtíðar þarf að huga að því að taka hugsanlega við fleiri íslenskum nemendum sem vilja viðhalda Norðurlandamálunum eftir dvöl þarlendis og ekki síst þarf að huga að þeim nemendum sem koma frá Danmörku svo og nemendum sem koma með nýnorsku. Sömuleiðis þarf að huga að því að nemendur geti haldið áfram í framhaldsskólanum í því námi sem þau hafa stundað í sænsku og norsku og því væri hægt að sinna í Tungumálaverinu.

Að mati deildarstjóra væri æskilegt að kennsluráðgjafi fyrir dönskukennslu væri staðsettur í Tungumálaveri.

Ábendingar

- Við Laugalækjarskóla er starfrækt Tungumálaver sem er þjónustustofnun þar sem veitt er ráðgjöf í norsku og sænsku til skóla og sveitarfélaga um allt land.
- Deildarstjóri heldur utan um starfsemi deildarinnar, auk hans eru kennsluráðgjafar í norsku og sænsku, kennarar í norsku og sænsku, kennari í pólsku og yfir 30 sveitarfélög eru samstarfsaðilar um rekstur þess.
- Styrkleiki deildarinnar er að mati kennara persónuleg þjónusta fyrir nemendur, þeir geta haft samband hvenær sem er eða komið og nemendur geta fengið áhugavert námsefni og bækur.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Yfirumsjón með sérkennslu er hjá einum kennaranna. Sérkennararnir skipta á milli sín vinnunni eftir námsgreinum en flestir eru í sérkennslu sem hluta af annarri kennslu, oftast um 50%. Formlega eru ekki fundir fyrir kennara í sérkennslu en stigsfundir eru nýttir til að ræða mál sem upp koma. Þess fyrir utan eru samskiptin óformleg og mál rædd jafnóðum og þau koma upp. Engir stuðningsfulltrúar eru í skólanum.

Stefna um skóla án aðgreiningar birtist í stefnu skólans og skólastjóri leggur áherslu á þann þátt í stefnu skólans og að velferð nemenda sé leiðarljós í starfinu, „en við vitum að það þarf alltaf meira fjármagn“, bætir hann við. „Við hér vinnum við eftir stefnunni eins og við mögulega getum“, segir í rýnihópi um sérkennslu. Flestir nemendur fá sérkennslu inni í bekk að mestu leyti og „við tökum nemendur lítið út úr tímum“. Það sem helst er nefnt sem veikur þáttur er að koma til móts við þarfir nemenda með annað móðurmál en íslensku. Þau eru fá „sem er galli því þá hafa þau engan að tegja sig við“, segir kennari. Of lítill stuðningur fylgir þeim frá borginni og þeim er „bara hent inn í skólana“, segir í rýnihópi kennara.

Skipulag sérkennslu

Sérkennslan er greinaskipt, einn fer inn í bekk og aðstoðar í stærðfræði og annar með íslensku. Stoðkennsla fyrir þá sem á þurfa að halda er veitt inni í bekk, en einnig er námsver í skólanum. Nemendur byrja gjarnan í námsveri en fara svo inn í bekk með ákveðnar áætlanir í

samstarfi við kennara. Hugsunin með námsverinu er að ákveðinn hópur sé þar en að annars séu nemendur sem mest inni í stofunum, segir í rýnihópi. Fastir námsverstímar eru aðeins fyrir 4-5 nemendur.

Skilafundir eru haldnir fyrir nemendur með sérþarfir sem koma úr Laugarnesskóla. Árangur í samræmdum prófum er notaður sem viðmið, „nemendur sem fá slaka útkomu fá sérstaka þjálfun en eru samt í hóp með hinum“.

Kennsluforritið Easy tutor er notað í sérkennslunni að sögn kennara í rýnihópi, „það auðveldar öllum nám og ætti að vera fyrir alla sem þurfa“. Sumir nemendur fá forritið strax en það er metið hjá öðrum hvort eða hvenær þeir þurfa á því að halda.

Einstaklingsnámskrár eru ekki gerðar fyrir nemendur en umsjónarkennari gerir í einhverjum tilvikum aðlagða námskrá í samráði við foreldra. Einnig eru dæmi um einstaklingsnámskrár í einstökum fögum sem byggja á samstarfi fagkennara og umsjónarkennara.

Aðstaða og aðbúnaður

Námsverið er frekar miðsvæðis í skólanum og einnig er ágæt aðstaða til að fara inn í bekk og aðstoða nemendur þar. Sérkennarar aðstoða fleiri nemendur en þá sem þurfa sérkennslu og verða þannig sjálfsagðir inni í stofunni.

Nemendur í sérkennslu eru almennt með eigin tölvur til að nota við námið og auk þess eru 4 tölvur staðsettar í námsverum og aðrar á bókasafni. Að mati rýnihópsins væri gott að hafa fleiri tölvur og smart-töflur myndu einnig auðvelda málin.

Aðgengi fyrir fatlaða er fínt, að mati rýnihóps, „við erum með lyftur, tvö hornherbergi til hvíldar en höfum ekki þurft að nota þau nýlega“. Í skólanum eru nemendur sem eru líkamlega fatlaðir en enginn í hjólastól eins og er.

Nefnt var í rýnihópi að nauðsynlegt væri að taka upp aðstöðu fyrir nemendur sem eru með annað móðurmál en íslensku, og hafa móttökudeildir fyrir nemendur áður en þeir eru settir í annað nám.

Viðhorf og líðan:

Viðhorf til þeirra sem njóta sérkennslu eru jákvæð bæði frá nemendum og starfsfólki, að mati rýnihóps um sérkennslu, nemendurnir viðurkenndir og samstarf kennara gott. Félagsmiðstöð hefur einnig stutt við nemendurna, „það eru allir teknir með eins og staðan er í dag“.

Upplýsingaflæði – samstarf

Stigsfundir sem eru einu sinni í viku eru vettvangurinn fyrir upplýsingamiðlun, þar koma allir kennarar árgangsins saman og fjalla um mál sem tengjast stiginu.

Ráðgjöf - þjónustumiðstöð

Sérkennarar skólans eru til ráðgjafar fyrir aðra kennara eftir þörfum. Það er ekki skipulagt form á því, enda er oft er nauðsynlegt að grípa strax inn í mál sem upp koma, segir í rýnihópi.

Skólasálfræðingur frá þjónustumiðstöð kemur í skólann og „það væri gott ef slíkur sálfræðingur gæti tekið nemendur í viðtöl“ segir í rýnihópi.

Helst finnst kennurum vanta sérfræðipjónustu fyrir nemendur sem eru í vímuefnum og það vantar úrræði fyrir þá. Einnig vantar úrræði fyrir nemendur með hegðunarvanda, æskilegt er að mati kennara að einhver geti gripið inn í og tekið við nemenda með hegðunarvanda „við þyrftum ekki nema einn starfsmann í slíkt og bara í þeim tilfellum sem þegar nemandi vikur mjög mikið frá í hegðun“.

Námsráðgjafi

Námsráðgjafi er starfandi í 50% stöðuhlutfalli við Laugalækjarskóla, sami aðili hefur verið námsráðgjafi við skólann síðan árið 2000. Helstu verkefni námsráðgjafa eru: kennsla í starfsfræðslu sem er valgrein fyrir nemendur í 9.-10. bekk, m.a. fer hópurinn í starfskynningar í fyrirtæki. Námsráðgjafi sér um lífsleiknikennslu í 7.bekk með kennaranum og einnig fræðslu um námstækni. Náms- og starfsráðgjöf felst einnig í bekkjarkynningum ásamt því að nemendur leita sér ráðgjafar að eigin frumkvæði. Hún heldur utan um fyrirlögn á PISA-prófinu og kemur að lokaverkefni 10. bekkinga í maí. Námsráðgjafi á samstarf við unglingaráðgjafa hjá þjónustumiðstöð sem einnig situr nemendaverndarráðsfundi.

Persónuleg ráðgjöf við nemendur er hluti af starfi námsráðgjafa, hún sér um málefni nemenda í 9. og 10. bekk, en sérkennari um 7. og 8. bekk hvað varðar persónulega ráðgjöf og úrlausnir.

Hún veitir ráðgjöf um val á framhaldsskóla og fer með þeim nemendum sem þurfa sérstuðning og foreldrum þeirra í viðtal við námsráðgjafa framhaldsskólans.

Hún vinnur ásamt aðstoðarskólastjóra í eineltismálum og að gerð forvarnaráætlunar, þau nýta Skólapulsið til að sjá hvar þarf að bregðast við. Settur hefur verið upp tengill á heimasíðu fyrir nemendur til að tilkynna um áreitni og einelti. Hún segist verða vör við aukinn kvíða nemenda.

Lausnateymi er ekki við skólann.

Nemendaverndarráð: Í Laugalækjarskóla er starfandi nemendaverndarráð í samræmi við grunnskólalög og reglur um nemendaverndarráð. Í því sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, stjórnandi námsvers, sálfræðingur og félagsráðgjafi ef óskað er eftir. Hlutverk ráðsins er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur á sviðum heilsugæslu, námsráðgjafar og sérfræðipjónustu. Kennarar vísa málum til ráðsins. Þeir hafa tilkynningarskyldu við ráðið ef þeir hafa grun um vanrækslu gagnvart nemanda.

Ábendingar

- Yfirumsjón með sérkennslu er hjá einum kennaranna. Sérkennararnir skipta á milli sín vinnunni eftir námsgreinum en flestir eru í sérkennslu sem hluta af annarri kennslu
- Stefna um skóla án aðgreiningar birtist í stefnu skólans og skólastjóri leggur áherslu á þann þátt í stefnu skólans og að velferð nemenda sé leiðarljós í starfinu
- Námsverið er frekar miðsvæðis í skólanum og einnig er ágæt aðstaða til að fara inn í bekk og aðstoða nemendur þar.
- Það sem helst er nefnt sem veikur þáttur er að koma til móts við þarfir nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Viðhorf til þeirra sem njóta sérkennslu eru jákvæð bæði frá nemendum og starfsfólki, að mati rýnihóps um sérkennslu, nemendurnir viðurkenndir og samstarf kennara gott
- Helst finnst kennurum vanta sérfræðipjónustu fyrir nemendur sem eru í vímuefnum og það vantar úrræði fyrir þá. Einnig vantar úrræði fyrir nemendur með hegðunarvanda.

- Námsráðgjafi er starfandi í 50% stöðuhlutfalli við Laugalækjarskóla, helstu verkefni hans eru: kennsla í starfsfræðslu fyrir nemendur í 9.-10. bekk, lífsleiknikennsla í 7.bekk og fræðslu um námstækni.
- Lausnateymi er ekki við skólann.
- Í Laugalækjarskóla er starfandi nemendaverndarráð. Í því sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, stjórnandi námsvers, sálfræðingur og félagsráðgjafi ef óskað er eftir.

Skólaþróun og mat

Þróunarvinna við stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard) hefur verið unnin undanfarin ár og er á lokastigi. Þar birtist stefna skólans í áhersluþáttum í stefnukorti undir fjórum víddum sem eru: Skólasamfélagið, nám, innri ferli, mannauður og fjármál. Í framtíðarsýn kemur fram að; Laugalækjarskóli vill vera í fararbroddi hvað varðar metnað í námi, kennslu og öllu starfi.

Unnin hefur verið ítarleg stefnumótun um læsi og ritun með styrk frá sprotasjóði og var það unnið í samvinnu við Laugarnesskóla á sl. skólaári. Markmið verkefnisins er að búa til ferla í læsi og ritun í öllum árgöngum skólans þannig að þeir myndi eina heild og búa til viðmið sem skólinn telur eðlilegt að nemendur nái.

Einnig hefur verið unnið markvisst að því að bæta námsmat. Hver kennari eða hver faggrein ákveður framfaraskref í námsmati, s.s. að vinna markmiðalist (rubrics) fyrir sjálfsmat nemenda og hvatt hefur verið til að kennarar prófi nýjar matsaðferðir.

Litlar upplýsingar er að finna á heimasíðu um þróunarstarf í skólanum.

Sjálfsmat - umbótaáætlun

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2010-2011 liggur fyrir við matið. Hún er sett upp í Skólaspeglinum (Skoldialogen). Þar er tekið á flestum þáttum skólastarfsins og sums staðar settar fram aðgerðir til úrbóta. Stefnt er að því að kanna í sjálfsmatinu hve vel hefur gengið að uppfylla þau markmið sem fram koma í stefnukorti skólans (Sjálfsmatsskýrsla, 2011). Sjálfsmatsskýrsla er ekki birt á heimasíðu skólans en ýmsar kannanir ytri aðila svo og eigin kannanir skólans liggja þar fyrir.

Umbótaáætlun liggur fyrir við matið og er hún gerð í tengslum við stefnumiðað árangursmat. Þar eru skilgreind verkefni, markmið lýsing, tímaáætlun, ábyrgð og árangur/ lok verkefnis. Það myndi styrkja umbótaáætlunina að tengja hana við sjálfsmatsskýrslu skólans með ljósari hætti.

Ábendingar

- Þróunarvinna við stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard) hefur verið unnin undanfarin ár og er á lokastigi. Þar birtist stefna skólans í áhersluþáttum í stefnukorti undir fjórum víddum
- Unnin hefur verið ítarleg stefnumótun um læsi og ritun með styrk frá sprotasjóði og var það unnið í samvinnu við Laugarnesskóla á sl. skólaári. Einnig hefur verið unnið markvisst að því að bæta námsmat.
- Litlar upplýsingar er að finna á heimasíðu um þróunarstarf í skólanum.

- Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2010-2011 liggur fyrir við matið. Hún er sett upp í Skólaspeglinum (Skoldialogen). Þar er tekið á flestum þáttum skólastarfsins og sums staðar settar fram aðgerðir til úrbóta.
- Umbótaáætlun liggur fyrir við matið og er hún gerð í tengslum við stefnumiðað árangursmat.

Virk upplýsingamiðlun

Í Laugalækjarskóla er skráninga- og upplýsingakerfið Mentor.is notað til upplýsingamiðlunar.

Í foreldrakönnun 2012 sögðust 88% foreldra barna í skólanum vera ánægð með almenna upplýsingagjöf frá skólanum, sem er yfir meðaltali Reykjavíkur (78%). Um 78% foreldra voru ánægðir með upplýsingar á heimasíðu skólans. Áður hefur komið fram að foreldrum í könnuninni fannst skorta upplýsingagjöf um líðan og félagsanda í bekk og það kom einnig fram í rýnihópi foreldra.

Skólastjóri sendir svokallaðan vikupóst til kennara í upphafi hverrar viku. Þar koma fram upplýsingar um viðburði vikunnar svo og athugasemdir frá skólastjóra og áherslur í skólastarfinu í komandi viku.

Ábendingar

- Í Laugalækjarskóla er skráninga- og upplýsingakerfið Mentor.is notað til upplýsingamiðlunar.
- Í foreldrakönnun 2012 voru 88% foreldra barna í skólanum ánægðir með almenna upplýsingagjöf frá skólanum. Foreldrar í rýnihópi komu með ábendingar um upplýsingagjöf frá kennurum um líðan og bekkjaranda sem einnig komu fram í foreldrakönnuninni.
- Skólastjóri sendir svokallaðan vikupóst til kennara í upphafi hverrar viku. Þar koma fram upplýsingar um viðburði vikunnar.

Skólanámskrá og námsáætlanir

Starfsáætlun Laugalækjarskóla fyrir skólaárið 2012-2013 er birt á heimasíðu skólans. Skólanámskrá er ekki gefin út sem heildstætt plagg, en upplýsingar um flest það sem þar á að birtast skv. aðalnámskrá grunnskóla er að finna á heimasíðu (sjá meðfylgjandi: Gátlista um starfsáætlun og um skólanámskrá).

Bæði skólanámskrá og starfsáætlun eru að mestu leyti í samræmi við skyldur laga og stefnumótun borgarinnar. Æskilegt er að á heimasíðu sé hægt að nálgast efni í skólanámskrá undir einu yfirheiti og bent er á að uppfæra þarf skólanámskrána til samræmis við nýja aðalnámskrá grunnskóla.

Kennsluáætlanir er að finna á heimasíðu skólans undir: Náms. Þær eru sumar til heils vetrar en aðrar til einnar annar í senn. Áætlanir til enn skemmri tíma eru afhentar nemendum og sendar til foreldra í tölvupósti.

Heimasíða

Heimasíða Laugalækjarskóla er aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega. Flestar upplýsingar sem þar eiga að vera er að finna á heimsíðunni (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

Upplýsingar eru á síðunni um hlutverk skólaráðs en fundargerðir ráðsins eru ekki birtar. Upplýsingar eru um stjórn foreldrafélags og starfsemi foreldrafélags.

Í rýnihópi foreldra kemur fram að heimasíðan sé ekki alltaf uppfærð nógu hratt, s.s. um hverjir skipa skólaráð þegar það breytist.

Upplýsingar um kennslu í íslensku sem öðru máli og upplýsingar fyrir nýbúa á erlendum tungumálum vantar á síðuna (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

Ábendingar

- Starfsáætlun Laugalækjarskóla fyrir skólaárið 2012-2013 er birt á heimasíðu skólans.
- Skólanámskrá er ekki gefin út sem heildstætt plagg, en upplýsingar um flest það sem þar á að birtast skv. aðalnámskrá grunnskóla er að finna á heimasíðu
- Bæði skólanámskrá og starfsáætlun eru að mestu leyti í samræmi við skyldur laga og stefnumótunar borgarinnar. Æskilegt er að á heimasíðu sé hægt að nálgast efni í skólanámskrá undir einu yfirheiti.
- Heimasíða Laugalækjarskóla er aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega.
- Í rýnihópi foreldra kemur fram að heimasíðan sé ekki alltaf uppfærð nógu hratt, s.s. um hverjir skipa skólaráð þegar það breytist.
- Upplýsingar um kennslu í íslensku sem öðru máli og upplýsingar fyrir nýbúa á erlendum tungumálum vantar á síðuna.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Í skjölum skólans er ekki að finna sérstaka áherslu á heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni nemenda við líf og umhverfi (aðalnámskrá 2011).

Ekki liggja fyrir upplýsingar um vistvænan rekstur skólans.

Öryggisþættir

Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Rýmingaræfing er haldin á hverju skólaári.

Við matið liggur fyrir vinnuumhverfisvísir Vinnueftirlitsins sem farið var yfir í feb. 2012. Farið var yfir hollustuhætti, aðbúnað og öryggisþætti í skólahúsinu og merkt við, skv. því virðast allir öryggisþættir í lagi af þeim sem við eiga.

Ábendingar

- Í skjölum skólans er ekki að finna sérstaka áherslu á heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni nemenda við líf og umhverfi.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um vistvænan rekstur skólans.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Rýmingaræfing er haldin á hverju skólaári.

- Við matið liggur fyrir vinnuumhverfisvísir Vinnueftirlitsins sem farið var yfir í feb. 2012. Farið var yfir hollustuhætti, aðbúnað og öryggisþætti í skólahúsinu og merkt við, skv. því virðast allir öryggisþættir í lagi af þeim sem við eiga.

Mannauður

Starfsánægja og líðan á vinnustað

Í skólanum starfa 38 starfsmenn skólaárið 2011-2012 í 35,9 stöðugildum, þar af kennarar í 21,8 stöðugildum.

Laugalækjarskóli hefur komið mjög vel út í viðhorfskönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar síðustu ár. Í nýrri könnun sem gerð var í nóvember 2011 var svarhlutfallið í Laugalækjarskóla 91%. Nær allir þættir höfðu hækkað frá viðhorfskönnuninni 2009 og mælast nú á styrkleikabili⁶ með gildi frá 8,0 til 9,4, ef frá er talinn þátturinn *Hæfilegt vinnuálag* sem mælist á aðgerðarbili á nær öllum starfsstöðvum Reykjavíkurborgar.

Fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi“ fékk gildið 8,8 en var 8,6 árið 2009. Fullyrðingin „Það er góður starfsandi á mínum vinnustað“ fékk gildið 9,4 og hafði hækkað úr 9,1 en 97% svarenda var mjög sammála eða sammála fullyrðingunni. Fullyrðingin „Ég er ánægð(ur) með markmið og stefnu vinnustaðar mín“ fékk gildið 9,3 sem er nokkur hækkun frá 2009 en þá var gildið 8,9. Um 90% svarenda eru sammála því að þeir hafi sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf.

Í rýnihópum starfsfólks og kennara kom fram að starfsandinn í skólanum væri jákvæður og það væri gott að vinna í skólanum. Starfsmenn eru ánægðir með stjórnendur skólans og það traust sem þeir sýna starfsmönnum sínum. Mikill faglegur metnaður ríkir í skólanum og kennarar hafa frelsi til að koma fram með hugmyndir. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að skólaliðarnir upplifi sig stundum sem dálitla afgangsstærð í skólanum og að þeir fengju ekki nægar upplýsingar. Álag hefði aukist þar sem skólaliðum og starfsfólki í eldhúsi var fækkað í kjölfar niðurskurðar.

Þátttakendur í rýnihópum kennara og starfsfólks voru spurðir að því hvað þeir teldu að væru helstu styrkleikar skólans. Þetta var nefnt:

- Góður starfsandi
- Gott og metnaðarfullt starfsfólk
- Það traust sem stjórnendur sýna starfsfólki
- Faglegt starf
- Sérstaða skólans sem unglingaskóla
- Upplýsingaverið
- Skjávarpar í kennslustofum
- Leiðarbækur og lokaverkefni

Þátttakendur í rýnihópunum töldu að bæta mæti eftirfarandi þætti:

- Stuðning við erlenda nemendur
- Agamál
- Umgengni
- Tölvuaðstöðu
- Aðstöðu í eldhúsi
- Feril eineltismála
- Vinnuálag á skólaliða

⁶ Niðurstöðum í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar er skipt í þrjá flokka, styrkleikabil 8,0-10, starfhæft bil 6,0-7,9 og aðferðabil 0-5,9.

Samstarf

Samstarf starfsfólks er formgert með ýmis konar fundum. Fastir fundatímar eru tvisvar í viku. Stigsfundir kennara eru einu sinni í viku, annarsvegar fyrir kennara í 7.-8. bekk og kennara í 9.-10. bekk hinsvegar. List- og verkgreinakennarar koma inn á fundina og einnig stjórnendur, ef þurfa þykir, og fundargerðir eru ritaðar. Á stigsfundum er rætt um mál einstakra nemenda og hvað sé framundan. Faggreinafundir eru á miðvikudögum í annarri hverri viku. Starfsmannafundir og kennarafundir eru einu sinni í mánuði á miðvikudögum.

Í skólanum er skólaþróunarráð, sem í eiga sæti skólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, kennari á yngri stigi (7.-8. bekk), kennari af eldri stigi (9.-10. bekk) og fulltrúi verk- og listgreinakennara. Skólaþróunarráðið fundar nokkrum sinnum yfir veturinn og ræðir um áherslur í starfinu og hugmyndir sem fram hafa komið á stigsfundum sem áhugi er á að hrinda í framkvæmd. Skólaliðar funda ekki formlega saman en eru á starfsmannafundum og kennarafundum og hafa óformlega fundi á kaffistofunni. Í rýnihópi kom fram að skólaliðar fengju of litlar upplýsingar um börn með greiningar og að æskilegt væri að skólaliðar væru upplýstir um það að hausti hvaða börn eru með greiningar. Einnig koma fram að tölvuaðgengi skólaliða væri minna en kennara.

Í viðhorfsskönnun 2011 fékk fullyrðingin „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ gildið 9,4 en var 8,8 í könnuninni 2009. Fullyrðingin „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“ fékk gildið 9,2 og hækkaði um 0,6 frá 2009.

Í viðhorfsskönnuninni 2011 voru 93% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og sama hlutfall svarenda (93%) var sammála fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“. Ekki var rætt sérstaklega í rýnihópum um jafnrétti og jafnræði á vinnustaðnum.

Ábendingar

- Laugalækjarskóli hefur til þessa komið vel út úr viðhorfsskönnun Reykjavíkurborgar og kom sérlega vel út úr könnuninni 2011.
- Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að starfsmenn skólans eru mjög ánægðir í störfum sínum, starfsandi er góður og samstarfið gott.
- Skólaliðar í rýnihópi óskuðu eftir að fá meiri upplýsingar að hausti um þau börn sem eru að koma inn í skólann með greiningar.
- Í rýnihópum og viðtölum við skólastjórnendur kom fram að álag á starfsmenn hafi aukist eftir að skólaliðum var fækkað.

Aðbúnaður

Í viðhorfsskönnuninni sem lögð var fyrir í nóvember 2011 eru tvær fullyrðingar sem mæla viðhorf til aðbúnaðar og vinnuaðstöðu. Fullyrðingin „Vinnuaðstaða mín er góð“ fékk gildið 8,0 og hækkaði um 0,4 frá könnuninni 2009. Fullyrðingin „Ég hef aðgang að þeim gögnum og tækjum sem til þarf“ fékk gildið 7,9 og stóð í stað frá fyrri könnun.

Þegar spurt var um aðbúnað í rýnihópum komu fram að tölvuaðstaða mætti vera betri, mikil ásókn væri í tölvurnar og því stundum erfitt að komast að. Skólaliðar bentu á að bæta þyrfti umgengni nemenda og brýnt væri að fjölga starfsfólki til að sjá um þrif. Almennt voru þátttakendur í rýnihópi starfsfólks nokkuð ánægðir með vinnuaðstöðu sína.

Ábendingar

- Í viðtölum við skólastjóra og rýnihópa kom fram að álag á skólaliða og matráð væri mikið og sum svæði í skólanum væru þrífir sjaldnar en áður vegna manneklu.

Símenntun og starfsþróun

Í 12. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 3. mgr: „Að frumkvæði skólastjóra mótast hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Í 4 mgr. segir enn fremur: „Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum“. Í starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að starfsmenn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar skuli eiga rétt á starfsþróunarsamtölum a.m.k. árlega.

Við matið liggur fyrir yfirlit um símenntun starfsfólks á skólaárinu 2011-2012 en ekki eiginleg símenntunaráætlun. Í sjálfsmatsskýrslu skólans kemur fram að boðið sé upp á símenntun fyrir starfsmannahópinn í heild, fyrir kennara sérstaklega og fyrir annað starfsfólks sérstaklega, auk símenntunar á einstaklingsgrundvelli. Í yfirliti yfir símenntun skólaárið 2011-2012 er sagt frá tveimur skólaskoðunarferðum til Finnlands og í Eyjafjarðarsveit. Einnig er sagt frá þróunarverkefni um nýjungar í námsmati fyrir kennara og samstarfsverkefni með Laugarnesskóla um læsi og ritun.

Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að stjórnendur hvettu starfsmenn til að sækja sér símenntun.

Í viðhorfaskönnun 2011 fékk fullyrðingin „Á síðustu 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu“ gildið 9,1. Um 87% svarenda voru sammála því að fræðslan eða þjálfunin hefði nýst vel í starfi. Þá kom einnig fram í könnuninni að 80% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan og 83% svarenda fannst starfsþróunarsamtalið hafa verið gagnlegt. Um 77% svarenda er því sammála að nýir starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma.

Ábendingar

- Í viðhorfaskönnun 2011 sögðust 93% starfsmanna hafa fengið tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu á undanförnum 12 mánuðum.
- Um 87% svarenda töldu að fræðslan eða þjálfunin hefði nýst vel í starfi.
- Ekki liggur fyrir eiginleg símenntunaráætlun fyrir Laugalækjarskóla við matið.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Í viðhorfaskönnun starfsmanna í nóvember 2011 mældust viðhorf til stjórnunar skólans jákvæð og heldur jákvæðari en í viðhorfaskönnuninni vorið 2009. Fullyrðingin „Mínum vinnustað er vel stjórnað“ fékk gildið 9,3 og hækkaði úr 8,9 árið 2009, en 97% svarenda voru sammála fullyrðingunni. Fullyrðingin „Á mínum vinnustað byggja ákvarðanir á faglegum forsendum“ fékk gildið 9,4 og hækkaði umtalsvert frá 2009, eða úr 8,4. Um 97% svarenda eru ánægð með samskiptin við yfirmann. Um 94% svarenda töldu að upplýsingastreymi væri gott.

Í rýnihópum kennara og starfsmanna var umræðan um stjórnendur jákvæð. Það kom fram að þeir væru mjög sýnileg í daglegu starfi og kæmu inn í kennslustundir auk þess sem skólastjórinn sinnir gæslu á göngum og í matsal þannig að nemendur þekkja stjórnendur vel. Aðgengi að stjórnendum væri gott bæði fyrir starfsmenn og nemendur og alltaf opið inn á skrifstofuna til þeirra. Ef einhver mál koma upp innan skólans taka stjórnendur strax á þeim og vinna mjög vel saman. Fram kom í rýnihópi kennara að stjórnendur væru duglegir að hrósa

kennurum. Skólastjóri væri hreinskiptinn og segði beint út ef honum mislíkaði eitthvað en hann væri uppbyggilegur í gagnrýni sinni. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að stjórnendur mættu vera duglegri að hrósa skólaliðunum.

Í rýnihópum kennara og starfsmanna kom fram að upplýsingastreymi frá stjórnendum væri gott, þeir senda vikulega út bréf um það sem er á döfinni í komandi viku og ef eitthvað kemur upp á er það kynnt fyrir öllum í skólanum. Einnig kom fram að stjórnendur væru duglegir við að leggja fram hugmyndir á kennarafundum sem hópurinn síðan þróaði áfram. Þannig ættu kennarar hlutdeild í að koma á nýjungum í starfinu. Kennarar í báðum rýnihópunum töluðu um frelsi í starfi og traust sem stjórnendur sýndu þeim. Starfsmenn sögðu að stjórnendur tækju vel í hugmyndir þeirra og brygðust fljótt við ef einhverjir erfiðleikar kæmu upp varðandi nemendur.

Þátttakendur í rýnihópunum voru sammála um að starfsmannasamtölin, sem haldin eru tvisvar á ári, væru gagnleg.

Ábendingar

- Í viðhorfakönnun starfsmanna í nóvember 2011 mældust viðhorf til stjórnunar skólans mjög jákvæð og fullyrðingin „Mínum vinnustað er vel stjórnað“ fékk gildið 9,3, en 97% svarenda voru henni sammála.
- Í rýnihópum kennara og starfsmanna var umræða um stjórnendur mjög jákvæð. Það kom fram að þeir ynnu mjög vel saman, væru sýnilegir í daglegu starfi og bæði starfsfólk og nemendur gætu alltaf leitað til þeirra.
- Í rýnihópi kennara kom fram stjórnendur sýndu starfsfólki mikið traust og veittu þeim frelsi í starfi.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2012 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Skóla- og frístundasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Skóla- og frístundasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Laugalækjarskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2012 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Laugalækjarskóla fyrir árið 2011 voru að upphæð 367.6 millj. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 360.9 millj. kr.

Ábendingar

- Laugalækjarskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2012 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2011 voru undir heildarfjárheimildum.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar: Meðaltalsárangur nemenda í Laugalækjarskóla á samræmdum könnunarprófum í 10. bekk haustið 2011 er töluvert yfir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar og framfarastuðull sýnir miklar framfarir. Ánægja foreldra með skólann er mikil í síðustu foreldrakönnun og 89% foreldra telja skólanum vel stjórnað. Skólinn undirbýr nemendur vel fyrir nám að loknum grunnskóla að mati þeirra og foreldra. 81% kennslustunda sem heimsóttar voru teljast góðar eða frábærar. Starfsemi í upplýsingaveri er styrkur fyrir skólastarfið. Starfsandi er mjög góður og starfsmenn meta samvinnu góða.

Veikleikar: Skipurit er í vinnslu og starfslýsingar liggja ekki fyrir við matið. Lítil ánægja er með aðstöðu til íþróttaiðkunar og undanfarin ár mælist minni ánægja með skólalóð og aðstöðu en áður. Í skjölum skólans er ekki að finna sérstaka áherslu á umhverfisvitund, heilbrigða og holla lífshætti. Símenntunaráætlun liggur ekki fyrir

Ögranir: Yngsti nemendahópurinn á ekki að öllu leyti samleið með þeim eldri. Gæta þarf þess að þeir verði strax hluti af heildinni og fullgildir þátttakendur í námi og félagsstarfi.

Tækifæri: Vinna skipulegar að því að efla félagsþroska nemenda og bæta upplýsingagjöf til foreldra um líðan og bekkjaranda. Bæta aðstöðu fyrir nemendur af erlendum uppruna og kennslu í íslensku sem öðru máli. Efla þátttöku foreldra í skólastarfinu og koma á lýðræðislegu vali fulltrúa foreldra í skólaráð.

Samantekt ábendinga

Skólastarf

Námsárangur

- Meðaltalsárangur nemenda í Laugalækjarskóla á samræmdum könnunarprófum í 10. bekk haustið 2011 er töluvert yfir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.
- Meðaltalsárangur er við meðaltal borgarinnar í 7. bekk árið 2011 og er meðaltal í stærðfræði heldur lægra en í Reykjavík sé litið til tímabilsins 2005-2010.
- Í 10. bekk sýnir framfarastuðull árið 2011 miklar framfarir og undanfarin ár hefur framfarastuðull verið hár fyrir nemendur skólans.
- Laugalækjarskóli var í miðju reykvískra skóla þegar árangri í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði í Pisa 2009 var raðað. Þátttaka nemenda í rannsókninni var 86%.

Stjórnun og skipulag

- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri leggja báðir áherslu á líðan og velferð nemenda jafnframt því sem áhersla er lögð á nám og árangur þeirra.
- Skipurit skólans er í vinnslu að sögn stjórnenda. Starfslýsingar stjórnenda og starfsmanna liggja ekki fyrir við matið.
- Tveir deildarstjórar eru í upplýsingaveri og deildarstjóri í tungumálaveri og stýra þeir starfsemi sem heyrir undir þau svið.
- Skólaþróunarráð (áður kennararáð) er stjórnendum til ráðgjafar um áherslur, hugmyndir og „að horfa fram á veginn“.
- Reglulegir stigsfundir eru með kennurum í 7. og 8. bekk annars vegar og 9. og 10. bekk hins vegar. Aðra hverja viku funda síðan saman þeir sem kenna sömu faggreinar.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2012 töldu 89% foreldra skólanum vera vel stjórnað og hefur hlutfallið aukist töluvert frá 2006. Niðurstaðan 2012 er yfir meðaltali í borginni.
- Starfsmenn í rýnihópum eru jákvæðir gagnvart stjórnendum, og telja sig fá hvatningu og hrós frá þeim, þó það mætti vera meira.
- Nemendur í rýnihópum segjast þekkja stjórnendur, þeir eru sýnilegir „í matsal og á göngum“. Þau sjá aðstoðarskólastjórann meira, hann „er alltaf á flakki“

- Skóladagurinn er skipulagður þannig að kennt er ýmist í 80 mínútna lotum hver grein eða 40 mínútna tímum.
- Gott samstarf er við Laugarnesskóla en þaðan koma flestir nemendur Laugalækjarskóla. Skólarnir hafa unnið sameiginlega að verkefninu: *Að byggja brú* milli Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla
- Nemendur Laugalækjarskóla taka þátt í viðburðum, s.s. spurningakeppni grunnskólanna, stóru upplestrarkeppninni, skákmótum, Skrekk, knattspyrnukeppni og Skólahreysti.

Stefna og starfsáætlun

- Gildi sem skólinn leggur áherslu á eru: Virðing – Eldmóður – Gleði.
- Unnið hefur verið að stefnumótunarvinnu innan skólans sl. 3 skólaár þar sem markmið eru sett fram í anda stefnumiðaðs árangursmats (Balanced Scorecard). Stefnan hefur ekki verið gefin út.
- Í nýrri stefnumótun birtast í áhersluþættir í stefnukorti undir fjórum víddum sem eru: Skólasamfélagið, nám, innri ferli, mannauður og fjármál.
- Í framtíðarsýn kemur fram að; Laugalækjarskóli vill vera í fararbroddi hvað varðar metnað í námi, kennslu og öllu starfi.
- Báðir stjórnendur leggja áherslu á líðan og velferð nemenda jafnframt því sem áhersla er lögð á nám og árangur.
- Starfsáætlun Laugalækjarskóla fyrir skólaárið 2011-2012 er á heimasíðu skólans. Þegar hún var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs vorið 2012 taldist hún að nær öllu leyti í samræmi við kröfur um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.
- Skólanámskrá er ekki gefin út sem heildstætt plagg, en upplýsingar um flest það sem þar á að birtast skv. aðalnámskrá grunnskóla er að finna á heimasíðu.

Nemendur og líðan

- Ánægja nemenda af lestri er marktækt yfir landsmeðaltali og trú á gildi náttúruvísinda hefur frá upphafi mælinga Skólapúlsins verið yfir landsmeðaltali.
- Skoða þarf vel niðurstöður Skólapúlsins þar sem mikill munur getur verið á mikilvægum mælikvörðum eftir árgöngum, s.s. um líðan nemenda og aga.
- Foreldrar barna í Laugalækjarskóla mátu líðan barna sinna í skólanum almennt mjög góða. Um 9% sögðu barn sitt hafa lent í einelti á skólaárinu 2011-2012 sem er svipað og annars staðar í skólum borgarinnar.
- Báðir nemendahópar töldu skólareglur sanngjarnar og nokkuð skýrar en misjafnt væri eftir kennurum hvort brot á þeim hefði afleiðingar. Eldri nemendur voru meðvitaðir um eigin ábyrgð á hegðun.
- Nemendur töldu líðan nemendahópsins góða og lítið um einelti.

Stjórn nemendafélags

- Félagsmiðstöðin Laugó er staðsett í húsnæði skólans og er hún hjartað í félagslífinu. Samstarf er gott um félagsstarf nemenda og starfrækt eru tvö nemendaráð, eitt fyrir 8.-10. bekk og eitt fyrir 7. bekk.
- Félagslíf er gott, segir í rýnihópi nemenda, mikil samvinna er milli skóla og félagsmiðstöðvarinnar og félagsmiðstöðin mjög góð, góð dagskrá.
- Þátttakan í félagslífinu er ágæt að mati nemendanna, 8. bekkur mætir vel, en „það fer eftir því hvað er í gangi hvort það er mikið mætt á böll og uppákomur eða ekki“.
- Athygli er vakin á því að samkvæmt 10. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 skal nemendafélagið setja sér reglur um kjör fulltrúa nemenda í skólaráð.

Reglur og agi

- Á heimasíðu Laugalækjarskóla eru birtar almennar skólareglur og í Handbók skólans er að finna upplýsingar um skólasóknareinkunn og birtist hún á vitnisburði nemenda.

- Skólareglur uppfylla að mestu leyti þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum. Viðbrögð við agabrotum liggja ekki fyrir þegar matið fer fram.
- Fyrir liggur að aðlaga skólareglur að þeim kröfum sem koma fram í nýrri reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum og útbúa viðurlög við brotum á þeim og er sú vinna í gangi.
- Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur einnig fram að meðal nemenda ríki „jákvætt andrúmsloft“ og viðhorf til nemenda jákvætt og sýnir mikla umhyggju, „reynt að styðja við nemendur“.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).
- Í foreldrakönnun 2012 kom fram að um 87% svarenda í Laugalækjarskóla fannst aginn hæfilegur sem er yfir meðaltali í borginni.
- Foreldrar í rýnihópi segja góðan anda ríkja í skólanum en eins og í fleiri skólum bærir á úrræðaleysi gagnvart hegðunarvandamálum. Vinna mætti skipulegar með félagsþroska nemenda.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

- Í Laugalækjarskóla er lögð áhersla á að uppbyggilegt samstarf ríki milli allra aðila um skólastarfið í heild og samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu.
- Í heildina kom skólinn vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2012. Ánægja með skólann hélt áfram að aukast og ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mikil.
- Skoða þarf upplýsingastreymi til foreldra um líðan og félagsanda í bekk.
- Ánægja foreldra með ýmsa þætti í aðbúnaði og aðstöðu hefur minnkað töluvert sl. ár.
- Meirihluta foreldra fannst skólinn gera hæfilegar námslegar kröfur til barnsins síns, 73% fannst heimavinna barnsins hæfileg en um 20% töldu hana of mikla.
- Foreldrar í rýnihópi töldu samskipti við kennara ganga hratt og vel fyrir sig og samskipti væru almennt góð við skólann. Samskipti nemenda væru almennt góð en nokkuð skorti á skipulega vinnu með nemendum til að efla félagsþroska þeirra.
- Það var mat foreldra í rýnihópi að skólinn undirbyggir nemendur vel fyrir frekara nám.
- Foreldrar í rýnihópi ræddu um að skólinn, bæði stjórnendur og kennarar gætu stutt meira við foreldrasamstarfið.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

- Gildi sem skólinn leggur áherslu á eru: Virðing – Eldmóður - Gleði. Í stefnu skólans kemur fram að vilji er til þess hjá starfsfólki skólans að vera í fremstu röð hvað varðar nám og kennslu.
- Svonefndar námsmöppur voru innleiddar í skólanum fyrir nokkrum árum, námsmöppur skiptast í leiðarbók, safnmöppur og sýnismöppur. Nemandinn á eina leiðarbók í hverju fagi. Hún getur verið vettvangur til skráningar á sameiginlegum og einstaklingsbundnum markmiðum.
- Skiptar skoðanir voru á leiðarbók og markmiðssetningu meðal nemenda, sumir sögðust gera markmið en ekki fylgja þeim og þessi aðferð hjálpi ekki öllum. Þeim finnst vanta fjölbreytni í námið.
- Fjölbreyttir kennsluhættir eru viðhafðir að mati kennara í rýnihópum og þeir nefna sem dæmi samþættingu á verkefnum, mikið af þemaverkefnum og gott samband við upplýsingaver, annars „er þetta frekar frjálst með kennsluhættina“.
- Nemendur í rýnihópi yngri nemenda segjast oftast vera að vinna í bókum eða verið sé að kenna frá töflu en nefna þó hópavinnu og vildu gjarnan hafa fleiri vettvangsferðir. Nemendur í rýnihópi eldri nemenda nefna dæmi úr kennslunni í sinni umræðu, s.s.

hópavinnu, kynningar, stuttmyndagerð. Í mörgum kennslustundum mátti sjá notkun upplýsingatækni í kennslunni í einhverri mynd og 1-2 nemendur með fartölvu.

- Að mati nemenda þarf að skoða markmiðssetningu og hvernig hún getur gagnast nemendum sem best. Óskir um að fara sem allra mest yfir heimavinnu og próf komu einnig fram í umræðum nemenda.
- Nemendur telja skólann búa sig vel undir frekara nám og að þeir fá bæði hrós og gagnrýni á verkefni sín.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara eða í um 38% þeirra stunda sem heimsóttar voru, bein kennsla/innlögn/ umræður voru í um 21% stunda, verklegt og sköpun og tjáningu var merkt við í list- og verkgreinum fyrst og fremst eða alls 15% stunda og sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í 15% tilvika sem er heldur hærri hlutfall en að meðaltali í þeim skólum sem borið er saman við
- Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 16% stunda frábærar, 65% góðar og 19% viðunandi. Engin kennslustund var óviðunandi. Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni og nemendastoðinni.
- Upplýsingaverið sameinar skólasafn og tölvuver. Í hverjum árgangi eru unnin verkefni sem eru samþætt við upplýsingamennt.
- Í rýnihópum kennara kemur fram að samstarf við upplýsingaverið sé styrkur í starfinu og það sé „hjarta skólans“. Lokaverkefnum eða rannsóknarverkefnum nemenda er stýrt frá upplýsingaverinu
- Við Laugalækjarskóla er starfrækt Tungumálaver sem er þjónustustofnun þar sem veitt er ráðgjöf í norsku og sænsku til skóla og sveitarfélaga um allt land.
- Deildarstjóri heldur utan um starfsemi deildarinnar, auk hans eru kennsluráðgjafar í norsku og sænsku, kennarar í norsku og sænsku, kennari í pólsku og yfir 30 sveitarfélög eru samstarfsaðilar um rekstur þess.
- Styrkleiki deildarinnar er að mati kennara persónuleg þjónusta fyrir nemendur, þeir geta haft samband hvenær sem er eða komið og nemendur geta fengið áhugavert námsefni og bækur.

Skóli án aðgreiningar

- Yfirumsjón með sérkennslu er hjá einum kennaranna. Sérkennararnir skipta á milli sín vinnunni eftir námsgreinum en flestir eru í sérkennslu sem hluta af annarri kennslu
- Stefna um skóla án aðgreiningar birtist í stefnu skólans og skólastjóri leggur áherslu á þann þátt í stefnu skólans og að velferð nemenda sé leiðarljós í starfinu
- Námsverið er frekar miðsvæðis í skólanum og einnig er ágæt aðstaða til að fara inn í bekk og aðstoða nemendur þar.
- Það sem helst er nefnt sem veikur þáttur er að koma til móts við þarfir nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Viðhorf til þeirra sem njóta sérkennslu eru jákvæð bæði frá nemendum og starfsfólki, að mati rýnihóps um sérkennslu, nemendurnir viðurkenndir og samstarf kennara gott
- Helst finnst kennurum vanta sérfræðiþjónustu fyrir nemendur sem eru í vímuefnum og það vantar úrræði fyrir þá. Einnig vantar úrræði fyrir nemendur með hegðunarvanda.
- Námsráðgjafi er starfandi í 50% stöðuhlutfalli við Laugalækjarskóla, helstu verkefni hans eru: kennsla í starfsfræðslu fyrir nemendur í 9.-10. bekk, lífsleiknikennsla í 7.bekk og fræðslu um námstækni.

- Lausnateymi er ekki við skólann.
- Í Laugalækjarskóla er starfandi nemendaverndarráð. Í því sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, stjórnandi námsvers, sálfræðingur og félagsráðgjafi ef óskað er eftir.

Skólaþróun og mat

- Þróunarvinna við stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard) hefur verið unnin undanfarin ár og er á lokastigi. Þar birtist stefna skólans í áhersluþáttum í stefnukorti undir fjórum víddum
- Unnin hefur verið ítarleg stefnumótun um læsi og ritun með styrk frá sprotasjóði og var það unnið í samvinnu við Laugarnesskóla á sl. skólaári. Einnig hefur verið unnið markvisst að því að bæta námsmat.
- Litlar upplýsingar er að finna á heimasíðu um þróunarstarf í skólanum.
- Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2010-2011 liggur fyrir við matið. Hún er sett upp í Skólaspeglinum (Skoldialogen). Þar er tekið á flestum þáttum skólastarfsins og sums staðar settar fram aðgerðir til úrbóta.
- Umbótaáætlun liggur fyrir við matið og er hún gerð í tengslum við stefnumiðað árangursmat.

Virk upplýsingamiðlun

- Starfsáætlun Laugalækjarskóla fyrir skólaárið 2012-2013 er birt á heimasíðu skólans.
- Skólanámskrá er ekki gefin út sem heildstætt plagg, en upplýsingar um flest það sem þar á að birtast skv. aðalnámskrá grunnskóla er að finna á heimasíðu
- Bæði skólanámskrá og starfsáætlun eru að mestu leyti í samræmi við skyldur laga og stefnumótunar borgarinnar. Æskilegt er að á heimasíðu sé hægt að nálgast efni í skólanámskrá undir einu yfirheiti.
- Heimasíða Laugalækjarskóla er aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega.
- Í rýnihópi foreldra kemur fram að heimasíðan sé ekki alltaf uppfærð nógu hratt, s.s. um hverjir skipa skólaráð þegar það breytist.
- Upplýsingar um kennslu í íslensku sem öðru máli og upplýsingar fyrir nýbúa á erlendum tungumálum vantar á síðuna.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

- Í skjólum skólans er ekki að finna sérstaka áherslu á heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni nemenda við líf og umhverfi.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um vistvænan rekstur skólans.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Rýmingaræfing er haldin á hverju skólaári.
- Við matið liggur fyrir vinnuumhverfisvísir Vinnueftirlitsins sem farið var yfir í feb. 2012. Farið var yfir hollustuhætti, aðbúnað og öryggisþætti í skólahúsinu og merkt við, skv. því virðast allir öryggisþættir í lagi af þeim sem við eiga.

Mannauður

Starfsánægja og líðan starfsmanna

- Laugalækjarskóli hefur til þessa komið vel út úr viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar og kom sérlega vel út úr könnuninni 2011.
- Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að starfsmenn skólans eru mjög ánægðir í störfum sínum, starfsandi er góður og samstarfið gott.
- Skólaliðar í rýnihópi óskuðu eftir að fá meiri upplýsingar að hausti um þau börn sem eru að koma inn í skólann með greiningar.
- Í rýnihópum og viðtölum við skólastjórnendur kom fram að álag á starfsmenn hafi aukist eftir að skólaliðum var fækkað.

Símenntun og starfsþróun

- Í viðhorfakönnun 2011 sögðust 93% starfsmanna hafa fengið tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu á undanförunum 12 mánuðum.
- Um 87% svarenda töldu að fræðslan eða þjálfunin hefði nýst vel í starfi.
- Ekki liggur fyrir eiginleg símenntunaráætlun fyrir Laugalækjarskóla við matið.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

- Í viðhorfakönnun starfsmanna í nóvember 2011 mældust viðhorf til stjórnunar skólans mjög jákvæð og fullyrðingin „Mínum vinnustað er vel stjórnað“ fékk gildið 9,3, en 97% svarenda voru henni sammála.
- Í rýnihópum kennara og starfsmanna var umræða um stjórnendur mjög jákvæð. Það kom fram að þeir ynnu mjög vel saman, væru sýnilegir í daglegu starfi og bæði starfsfólk og nemendur gætu alltaf leitað til þeirra.
- Í rýnihópi kennara kom fram stjórnendur sýndu starfsfólki mikið traust og veittu þeim frelsi í starfi.

Fjármál

- Laugalækjarskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2012 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2011 voru undir heildarfjárheimildum.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2011.

Einsetning grunnskóla Reykjavíkur. Sögulegt yfirlit 1994-2002.2002. Reykjavík. Fasteignastofa Reykjavíkurborgar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.
Skoðað 25. nóvember 2008.

Sjálfsmatsskýrsla. Vor 2011. Laugalækjarskóli

Skólapúlsinn. www.skolapulsinn.is

Skólaskýrsla 2011. Reykjavík. Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2011. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Starfsáætlun Laugalækjarskóla skólaárið 2012-2013. Laugalækjarskóli.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2011. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2010. Laugalækjarskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2011. Laugalækjarskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

www.Laugalækjarskoli.is

Fylgiskjöl

1. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
2. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
3. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um starfsáætlun
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur